

2015–2016

# SVIÐSLIST

# KENNSLUSKRÁ

# BA NÁM



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland Academy of the Arts

Sviðslistadeild

# **KENNSLUSKRÁ**

**BA nám**

**2015–2016**

**SVIÐSLISTAEILD  
LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS**

**Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands**

Sölvhólsögötu 13

101 Reykjavík

s. 552 5020

lhi@lhi.is

[www.lhi.is](http://www.lhi.is)

**Útgefandi** Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands 2015

**Ritstjóri** Ingibjörg Þórisdóttir

**Prentvinnsla** Oddi, umhverfissvottað fyrirtæki

**FYRIRVARI**

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um  
ófyrirsjáanlegar og nauðsynlegar breytingar

## Manifesto sviðslistadeildar

Við nálgumst listina af virðingu og auðmýkt  
Við höfum hugrekki til að takast á við samtímann  
Við notum söguna sem stökkpall inn í framtíðina  
Við erum forvitin, víðsýn og framsækin  
Við tökum áhættu  
Við fögnum mennskunni

## **EFNISYFIRLIT**

Sviðslistadeild	5
Námið	5
Þjónusta	7
Úr skólareglum 2015–2016	9
Nemendafélag	11
Handbók nemenda	11
Starfsfólk	12
Sameiginleg námskeið sviðslistaeildar	13
Leikarabraut	18
Samtímadansbraut	31
Sviðshöfundabraut	42
Mikilvægar dagsetningar 2015–2016	56

# SVIÐSLISTADEILD

## UM DEILDINA

Markmið sviðslistadeildar er að veita nemendum yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í sviðslistum. Stefnan er ekki aðeins að veita góðan tæknilegan grunn, heldur einnig að auka víðsýni nemenda og að þeir kynnist í verki helstu möguleikum í sínu fagi, nýsköpun og skörun við aðrar greinar.

Í sviðslistadeild er boðið upp á nám á þremur brautum: leikarabraut, sviðshöfundabraut og samtímadansbraut. Námið er 180 einingar (ects) og lýkur með BA gráðu í sviðslistum.

## INNLENT OG ERLENT SAMSTARF

Sviðslistadeild Listaháskólans er í góðum tengslum við grasrót íslenskra sviðslista og er einnig í samstarfi við helstu sviðslistastofnanir og hátíðir í landinu eins og Þjóðleikhúsið, Leikfélag Akureyrar, Útvarpsleikhúsið, Íslenska dansflokkinn, Lokal alþjóðlega leiklistarhátíð og Reykjavík Dancefestival.

Alþjóðasamstarf er mikilvægt í deildinni en nemendum gefst kostur á að fara í skiptinám og/ eða starfsþjálfun erlendis, gestanemendur og kennarar frá erlendum menntastofnunum eru tíðir gestir í skólastarfinu og deildin er þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum og sviðslistahátíðum þvert á lönd og álfur. Sviðslistadeild hefur gert tvíhliða samning á vegum Erasmus/Sókrates menntaáætlunarinnar við fjölmarga skóla. Á vefsíðu skólans er að finna lista yfir þessa samstarfsskóla: <http://lhi.is/skolinn/althjodlegt-samstarf/samstarfsskolar/>

# NÁMIÐ

## LEIKARABRAUT

Nám á leikarabraut er krefjandi og kallar á mikla viðveru, nánd og ástundun. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda sem og hæfni til að vinna í hóp. Miklu máli skiptir að nemandi geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á framförum sínum í fagmennsku. Þar skipta sköpum stundvísi, reglusemi, frumkvæði og virðing fyrir fólki og umhverfi. Námið byggist upp á stórum samsettum námskeiðum í tækni og leiktúlkun auk fræðikennslu og valnámskeiða. Hver dagur hefst á upphitun í tæknitímum; hreyfingu og raddþjálfun en eftir hádegi taka við námskeið í leiktúlkun.

## Uppbygging námsins

Á fyrsta ári fær nemandinn góðan grunn í leiktúlkun, sem byggir á arfleið Konstantins Stanislavskis. Þá fær hann einnig kennslu í tækni, hreyfingu og rödd. Á öðru ári er farið dýpra í túlkun og tækni, mismunandi aðferðafræði fær sömuleiðis aukið vægi. Á þriðja ári á nemandinn að vera betur í stakk búinn að vinna með þau verkfæri, sem honum honum hafa áskotnast í náminu. Þar eru lengri námskeið, sem enda með stefnumóti við áhorfendur og lokasýningu.

Fræðikennsla fer mestmegnis fram fyrstu tvö árin en valnámskeið með nemendum annarra brauta og deilda Listaháskólans skipa sinn sess, öll árin. Miðað er við að nemendur á leikarabraut fari einu sinni í styttri námsdvöl í samstarfskóla deildarinnar á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum

## **SAMTÍMADANSBRAUT**

Námið er krefjandi líkamlega sem og andlega og krefst mikillar viðveru, sjálfstæðis í vinnubrögðum, og samvinnu innan hópsins. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði, nálgast viðfangsefni sín með opnum hug af forvitni og með virðingu fyrir náunganum. Ætlast er til þess að nemendur séu reglusamir, stundvísir og komi undirbúnir til leiks. Námið byggist upp á stórum samsettum námskeiðum í tækni og skapandi ferli. Hvert námskeið í tækni samanstendur af samtímadansi, ballet, pílates og jóga sem iðkað er alla morgna vikunnar. Skapandi ferli skiptist í fjölbreytt námskeið og vinnustofur sem reyna á sköpunarkraft nemandans og eru þau námskeið kennd eftir hádegi hvern dag. Samhliða þessum námskeiðum eru skylduáfangar í fræðum, raddþjálfun og kór.

## **Uppbygging námsins**

Á fyrsta ári er lögð áhersla á að nemandinn tileinki sér rétta líkamsstöðu og efla líkamsvitund sína, sé meðvitaður um eigin líkama og hlúi rétt að honum hvað varðar næringu og hvíld. Í skapandi námskeiðum er nemandinn kynntur fyrir ólíkum aðferðum sem eiga að auka vitund hans um hreyfimöguleika líkamans og aðferðir sem ýta undir sköpunarkraft hans. Á öðru ári er haldið áfram að dýpka tæknilega færni dansarans og lögð áhersla í skapandi námskeiðum á að tengja samtímadansinn við hugmyndafræði annarra listgreina. Lögð er áhersla á að nemendur vinni að frekari samþættingu fræða, tækni og listrænnar vinnu. Á þriðja ári er áhersla á sjálfstæði og úrvinnslu. Valnámskeið með nemendum annarra brauta og deilda Listaháskólans skipa sinn sess, öll árin. Nemendur fara á haustmisseri þriðja árs í skiptinám eða starfsnám sem styður við þróun nemandans á eigin áhugasviði.

## **SVIÐSHÖFUNDABRAUT**

Námið er krefjandi og krefst sjálfstæðis í vinnubrögðum og samvinnu innan hópsins. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði, nálgast viðfangsefni sín með opnum hug, af forvitni og með virðingu fyrir náunganum. Ætlast er til þess að nemendur séu reglusamir, stundvísir og komi undirbúnir til leiks.

Námið byggist upp af vinnustofu- og fræðinámskeiðum. Vinnustofunámskeiðin eru fjölbreytt en öll reyna þau á sköpunarkrafta nemandans, aðferðafræði og sjálfstæðrar úrvinnslu. Fræðinámskeiðin snúa að eðli, sögu og mörkum sviðslista. Nemendur halda ferlimöppu sem skilað er einu sinni á önn.

## **Uppbygging námsins**

Á fyrsta ári er megináhersla lögð á að byggja upp fræðilegan og aðferðafræðilegan grunn þar sem unnið er með form, hefðir og aðferðir á greinandi og gagnrýninn hátt. Á öðru og

Þriðja ári eykst áhersla á skapandi vinnu nemenda út frá þeim kenningum og aðferðum sem kenndar hafa verið á fyrsta ári. Nemendur þróa sína eigin listrænu sýn og nálgun við miðilinn í gegnum vinnu við sviðsetningar af ýmsum toga. Valnámskeið innan brautar og/eða með nemendum annarra brauta og deilda Listaháskólans skipa sinn sess, öll árin. Á vorönn annars árs og haustönn þriðja árs stendur nemendum til boða að sækja starfsnám eða skiptináám.

Námið í sviðslistadeild er mjög krefjandi, dagarnir eru langir og gert er ráð fyrir að nemendur vinni heimaverkefni á milli tíma. Kennslan fer fram í sviðslista- og dansstúdíóum, leikhúsum, tónlistarstofum og hefðbundnum kennslustofum. Stuðst er við einkaleiðsögn og hópleiðsögn í verklegum tímum og fyrirlestra, málstofur, verklegar kynningar og umræður í fræðum. Dagleg kennsla fer að öllu jöfnu fram kl. 08:30 – 18:00. Hvert misseri er 15 vikur í kennslu auk tveggja verkefnavikna.

Hvert misseri byrjar á tveggja vikna valnámskeiðum þvert á brautir deildarinnar eða deildir skólans og endar hver önn á verkefna og prófaviku þar sem nemendur skila greinargerðum og verkefnum, taka próf og sýna afrakstur vinnustofa. Kennslunni er skipt niður í mislangar lotur innan stærri námskeiða í tækni og skapandi fögum, lotur geta verið frá einni upp í 10 vikur og fræðinámskeið geta verið frá fjórum vikum upp í 15 vikur. Í upphafi hvers námskeiðs/lotu liggur fyrir lýsing, kennsluáætlun, kennslufyrirkomulag og námsmat. Á miðju misseri er verkefnavika, en þá liggur hefðbundin kennsla niðri og nemendur hafa tækifæri til sjálfstæðrar vinnu og til þess að vinna verkefni fyrir einstaka námskeið.

Skapandi námskeiðum lýkur annað hvort með opnum tímum eða opinberum kynningum.

## ÞJÓNUSTA

### ALÞJÓÐASKRIFSTOFA

Alþjóðaskrifstofa LHÍ leggur áherslu á að aðstoða nemendur við að sækja um sem skiptinemar í erlendum samstarfsskólum. Kynningarfundir eru haldnir reglulega í deildum skólans um tækifæri til skiptináms og starfsnáms, og möguleika á styrkjum. Ennfremur aðstoðar alþjóðaskrifstofa starfsfólk skólans við að undirbúa og sækja um styrki til starfsmanna- og kennaraskipta.

Viðtalstími alþjóðaskrifstofu er mánudaga – fimmtudaga frá kl. 09.00 – 16.00.

Auk þess hefur alþjóðafulltrúi fasta viðveru í tónlistardeild fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá kl.09.00 – 13.00 og í myndlistardeild fyrsta mánudag hvers mánaðar frá 12.00 – 16.00.

Alþjóðaskrifstofa Listaháskólans er staðsett á aðalskrifstofu skólans í Þverholti 11.



## **BÓKASAFN**

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem kenndar eru við skólann og er safnið stærsta listbókasafn landsins.

Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og kennurum, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, diskum og nót nabókum en ekki síður að efla upplýsingalæsi nemenda og kennara með því að leiðbeina um notkun safnsins og aðstoða við leit að upplýsingum í rafrænum gagnasöfnum og á vefnum.

Bókasafnið er staðsett í Laugarnesi, Sölvhólgötu og Þverholti. Opnunartímar eru 8.30 – 16.00 í öllum húsum.

## **EFNISKAUP**

Nemendur þurfa sjálfir að útvega sér efni vegna náms í sviðslistadeild.

## **HÚSNÆÐI OG AÐSTAÐA**

Listaháskóli Íslands starfar í þremur byggingum: Sölvhólgötu 13 þar sem sviðslistadeild er til húsa auk tónlistardeildar, við Laugarnesveg 91 þar sem myndlistardeild og listkennsludeild eru staðsettar og í Þverholti 11 þar sem hönnunar- og arkitektúrdeild er auk aðalskrifstofu skólans. Sviðslistadeildin hefur einnig til umráða rými í Austurstræti 22.

Allir nemendur fá úthlutað nemendakorti er gengur sem lykill að skólanum. Húsnæði skólans er opið frá kl. 8 – 16 virka daga, en frá kl. 07 – 08, 16-01 og um helgar þarf að nota kortið sem lykil auk númerakóða sem nemendur fá einnig úthlutað. Frá kl. 01 – 8 er skólinn lokaður.

Allar ferðir fólks um húsið eru rekjanlegar, mikilvægt er að nemendur hvorki láni kortin sín né kóða. Ef nemandi glatar nemendakortinu sínu þarf hann að greiða 10.000 kr. fyrir nýtt kort sem fæst ekki endurgreitt þó eldra kortið finnist aftur.

Húsnæði sviðslistadeildar stendur nemendum til boða til æfinga og sýninga og er hægt að bóka rými í gegnum þjónustufulltrúa Sölvhólgötu. Af öryggisástæðum er nemendum skylt að sækja um leyfi til deildarforseta vegna opinberra viðburða með góðum fyrirvara.

Skrifstofan á Sölvhólgötu er opin frá kl. 8 – 15.

## **PRENTUN OG LJÓSRITUN**

Nemendur fá á hverri önn úthlutað prent- og ljósritunarkvóta. Ef þeir fara umfram hann er hægt að kaupa viðbótarkvóta á aðalskrifstofu í Þverholti eða hjá þjónustufulltrúa á Sölvhólgötu. Upplýsingar um verð og staðsetningu prentara má finna á heimasíðu skólans.

## **NETÞJÓNUSTA**

Í Listaháskólanum er þráðlaust net sem stendur öllum nemendum og gestum til boða. Við bókasafn á Sölvhólsgötu eru einnig nettengdar almenningstölvur.

## **INNRI VEFUR OG NETFÖNG**

Við innritun í LHÍ fá allir nemendur skólans úthlutað netfangi og lykilorði til notkunar á skólanetinu MySchool. Á MySchool geta nemendur nálgast upplýsingar um námið, ásamt því að skoða einkunnir sínar og námsferil. Nauðsynlegt er að tileinka sér notkun skólanetsins og uppfæra allar persónulegar upplýsingar jafnóðum. LHÍ netföng nemenda eru mikilvæg boðleið milli skólans og nemenda sem nemendum ber að nota. Við inngang fyrir framan skrifstofu þjónustufulltrúa í Laugarnesi er tafla sem notuð er til að koma daglegum skilaboðum til nemenda. Einnig má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar á heimasíðu skólans þar sem jafnframt eru birtar fréttir af viðburðum og málefnum líðandi stundar.

## **MATSALA**

Matsala fyrir nemendur og starfsfólk á Sölvhólsgötu er opin frá kl. 9.00-15.00 alla virka daga. Hádegismatur er framreiddur frá kl. 12.00-13.00.

## **ÚR SKÓLAREGLUM 2015–2016**

Heildarreglur má finna á vefsíðu Listaháskólans.

### **Endurinnritun, mat á fyrra námi og fyrning eininga**

Fyrirverandi nemandi sem ekki hefur lokið námi getur sótt um að hefja nám við skólann að nýju og fær metin þau námskeið sem áður var lokið séu minna en fimm ár liðin frá síðustu innritun. Ef liðið hafa fleiri en fimm ár frá námi þarf að sækja sérstaklega um mat á fyrra námi og er þá tekið tillit til gildandi kennsluskrár hverju sinni. Einingar fyrnast séu fleiri en níu ár liðin frá því nemandi hætti námi. Nemendur sem óska eftir að fá metnar einingar úr öðrum háskólum skulu sækja um það og skila inn viðeigandi gögnum strax í upphafi náms. Listaháskólinn getur þannig metið nám á bakkalárstigi frá öðrum háskólum til allt að 60 eininga. (17.gr.)

### **Skólaár, kennslumisseri og brautskráning**

Skólaárið telst frá 1. ágúst til 31. júlí. Kennsluár skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Á kennslumisseri skulu eigi vera færri en 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar. Vorútskrift Listaháskólans fer fram í júní. Nemendur þurfa að skrá sig fyrir 15. mars.

Nemendur sem ekki hafa náð tilskildum einingafjölda til að útskrifast að vori geta sótt um brautskráningu að hausti eða miðjum vetri. Sækja þarf um haustútskrift eigi síðar en 1. september og eigi síðar en 15. desember fyrir vetrarútskrift. (18.gr.)

## **Einingafjöldi og framvinda náms**

Við skipulag náms við Listaháskólann er miðað við að ein eining (ECTS) jafngildi 25–30 klukkustundum í vinnu fyrir nemandann. Miðað er við að nemandi ljúki að jafnaði 60 einingum á námsári, eða sem nemur 30 einingum á misseri. Nemandi er ábyrgur fyrir framvindu eigin náms innan skipulagsramma skólans. (19. gr.)

## **Fjarvera úr prófi**

Ef nemandi er fjarverandi úr prófi og boðar ekki forföll er litið svo á að hann hafi þreytt prófið. Nemandi á í því tilfelli ekki kröfu um endurtökupróf. (19. gr.)

## **Endurtekning á prófi eða verkefni**

Standist nemandi ekki próf eða fellur í verkefni er honum heimilt að endurtaka það. Nemandi á eingöngu rétt á endurtöku hafi hann uppfyllt mætingarskyldu. Nemandi þarf að sækja um endurtöku eigi síðar en fimm dögum eftir birtingu einkunna. Verði endurtekningu prófs ekki komið við getur deildarforseti ákveðið um sambærilegt verkefni. Standist nemandi ekki endurtökupróf eða fyrirlagt sérverkefni verður hann að þreyta námskeiðið að nýju. Hafi nemandi staðist próf/verkefni getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið/verkefnið. Heimili deildarforseti endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið eða verkefni sett fyrir. Seinni einkunnin skal gilda. (19. gr.)

## **Sjúkrapróf/verkefni**

Sjúkrapróf /verkefni skulu haldin vegna haustmísseris eigi síðar en 15. janúar og vegna vormísseris eigi síðar en 1. júní.

## **Námsframvinda**

Þegar nemandi er skráður í námskeið er hann jafnframt skráður í próf eða er bundinn skiladögum fyrir verkefni ef námsmatinu er þannig háttað. Með úrsögn úr námskeiði er nemandi þar með leystur undan þeim kröfum er varða námsmatið. Úrsögn úr námskeiði verður að tilkynna skriflega til deildarfulltrúa innan frests sem nemur þriðjungi af heildartímalengd viðkomandi námskeiðs. (22.gr.)

## **Veikindi**

Nemandi, sem vegna veikinda mætir ekki til prófs eða getur ekki lagt fram tilskilið verkefni til mats, innan þess frests sem gefinn er, skal tilkynna forföll áður en prófið hefst eða frestur rennur út. Læknisvottorði skal skilað á skrifstofu skólans til staðfestingar eigi síðar en þremur dögum eftir að próf var haldið eða skilafrestur rann út, annars telst nemandi hafa þreytt prófið eða tekið þátt í verkefnaskilum. Með læknisvottorði ávinnur nemandi sér rétt til sjúkraprófs, svo framarlega sem mæting hafi verið fullnægjandi í námskeiðinu.

## **Námshlé**

Nemendur geta tekið sér námshlé innan þess ramma sem reglur skólans setja um framvindu náms. Nemendur þurfa að tilkynna um námshlé á þar til gerðum eyðublöðum eigi síðar en

1. október vegna náms á haustmisseri og fyrir 1. febrúar vegna náms á vormisseri. Námshlé getur að hámarki verið eitt ár og þarf að rúmast innan þess ramma sem skólinn setur, sbr. 19. gr.

### **Meðferð mála frá nemendum**

Ef nemandi telur sig vera beittan órétti getur hann beint máli sínu í eftirfarandi farveg: Nemandi snýr sér til viðkomandi kennara, fagstjóra, deildarforseta eða námsráðgjafa sem taka málið til umfjöllunar og leita lausna á því. Uni nemandi ekki þeirri lausn skal hann senda skriflegt erindi ásamt rökstuðningi til rektors. Rektor fer yfir málið, tekur ákvörðun og nemandi fær skriflegt svar þar sem niðurstaða málsins er rökstudd. Ef nemandi sættir sig ekki við ákvörðun rektors getur hann áfrýjað til úrskurðarnefndar í réttindamálum nemenda. Úrskurðarnefnd fjallar þó ekki um einkunnir (sjá starfsreglur úrskurðarnefndar). Um ábyrgð og fyrirkomulag námsmats er vísað í 21. gr. (28. gr.)

### **Brot á lögum eða reglum skólans**

Hafi nemandi gerst sekur um brot á lögum eða reglum skólans eða að framkoma hans gagnvart starfsmönnum eða öðrum nemendum er álitin ósæmileg eða óhæfileg getur rektor og/ eða viðkomandi deildarforseti veitt honum skriflega áminningu. Sé um að ræða brot sem talið er alvarlegt og stríðir gegn grundvallarforsendum starfseminnar getur rektor vikið viðkomandi nemanda úr skóla tímabundið

## **NEMENDAFÉLAG**

Við sviðslistadeild er starfrækt nemendafélag. Félagið er hagsmunafélag fyrir nemendur deildarinnar og stendur fyrir ýmsum uppákomum og skemmtunum yfir veturinn. Áherslan er lögð á að auka samskipti milli árganga deildarinnar og samskipti nemenda í öllum deildum og bæta þannig félagslíf skólans. Fulltrúar nemendafélagsins eru einnig mikilvæg rödd í skólalífinu og málsvarar nemenda deildarinnar á vettvangi fagráðs skólans, svo eitthvað sé nefnt. Upplýsingar um hverjir sitja í stjórn félagsins hverju sinni má finna í Handbók nemenda á heimasíðu skólans.

### **Nemendaráð**

Nemendaráð er samráðsvettvangur nemendafélaga við skólann og tengiliður nemendafélaga anna við stjórnendur skólans. Nemendaráð er skipað formönnum nemendafélaga frá fimm deildum skólans. Nemendaráð tilnefnir fulltrúa nemenda í nefndir og ráð skólans.

## **HANDBÓK NEMENDA**

Fleiri hagnýtar upplýsingar má finna í handbók nemenda á vef skólans. Þ.á.m. umgengnisreglur, trúnaðar og réttindamál o.fl.

## STARFSFÓLK

Albert Eiríksson þjónustufulltrúi  
albert@lhi.is

Alexander Graham Roberts, fagstjóri fræða  
alexanderroberts@lhi.is

Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir, fagstjóri fræða  
asgerdur@lhi.is

Björk Jónsdóttir aðjúnt, söngur  
bjorkjons@lhi.is

Egill Ingibergsson tæknistjóri  
egill@lhi.is

Hilmir Jensson aðjúnt, hreyfing leikara  
hilmir@lhi.is

Gunnar Benediktsson, aðjúnt, kórstjóri  
gunnarben@lhi.is

Kjartan Valdemarsson, undirleikari  
kjartanv@lhi.is

Saga Sigurðardóttir, aðjúnt í samtímadansi og líkamspjálfun  
saga@lhi.is

Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, aðjúnt, raddpjálfun  
snaja@lhi.is

Stefán Jónsson, prófessor og fagstjóri leikara  
stefan@lhi.is

Steinunn Knútsdóttir deildarforseti (í leyfi)  
steinunnknuts@lhi.is

Sveinbjörg Þórhallsdóttir, lektor og fagstjóri samtímadansbrautar  
(starfandi deildarforseti haust 2015)  
sveinbjorg@lhi.is

Una Þorleifsdóttir, lektor og fagstjóri sviðshöfunda  
una@lhi.is

Vigdís Másdóttir, deildarfulltrúi og verkefnastjóri  
vigdismas@lhi.is

# SAMEIGINLEG NÁMSKEIÐ SVIÐSLISTAEILDAR

## SKYLDA

---

### **AD0002S Aðdragandi**

2 ECTS

#### **Lýsing**

Námskeiðið markar upphaf náms við sviðslistadeild, þar sem nemendur kynnst þeirri hugmyndafræði sem liggur til grundvallar náminu. Manifestó deildarinnar verður nýtt sem útgangspunktur vinnu þessara tveggja vikna en boðið verður upp á verklega þætti, fyrirlestra um margbreytilegar hliðar sviðslista, horft á sýningar og vinnulag deildarinnar verður kynnt. Einnig verður sérstaklega farið í greinargerðaskrif. Námskeiðið stendur yfir fyrstu tvær vikur misserisins og er sameiginlegt öllum nýnemum deildarinnar.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ þekkja til þeirra hugmyndafræði sem liggur til grundvallar námi við sviðslistadeild,
- ▶ hafa kynnst aðferðum til að takast á við form sviðslista, þannig að það nýtist sem grunnur í upphafi náms,
- ▶ hafa öðlast grunnfærni í greinargerðaskrifum.

Námsmat: Símat.

Umsjónarkennarar: Ásgerður G. Gunnarsdóttir og Alexander Roberts

---

### **CHO0101S Kór I**

1 ECTS

#### **Lýsing**

Á námskeiðinu er unnið með ýmsar tegundir hóp- og kórsöngs með áherslu á þjóðlög og jólatónlist. Þjóðlagatónleikar verða haldnir um miðja önn og jólatónleikar í lok annar. Unnið er með opnun og styrkingu söngraddar í hóp, túlkun og nótalestur. Einnig er unnið með spunaverkefni.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta sungið einfaldar fjölradda útsetningar,
- ▶ hafa færni til að spinna einföld lag- og hrynmynstur,
- ▶ kunna að lesa úr einfaldri nótmaskrift,

Námsmat: Símat

Kennarar: Gunnar Benenediktsson og Björk Jónsdóttir

---

## **SYNGR002S Sýningargreining**

2 ECTS

### **Lýsing**

Námskeiðið mun þjóna sem inngangur inn í sýningagreiningu með því að taka grunnþætti líkt og ljós, rými, búninga, frásögn og karakterköpun sem upphafspunkt fyrir greiningu og umræður. Nemendur munu horfa á mismunandi gerðir sviðlistaverka, frá skrifuðum leikritum til devised sýninga, söngleikja, dansverka og kóréografíu – og verða þessi verk rædd og greind út frá mismunandi þáttum. Aðaláhersla námskeiðisins er að víkka út hugmyndir nemendanna á því hvað er mögulegt innan samhengis sviðlistanna. Einnig verður farið í aðferðir til þess að skrifa og ræða um listformið sem og kynnt verður fyrir þeim heimspekileg, félagsleg og pólitísk sjónarhorn sem nýtt verða sem útgangspunktur umræðu og greiningar.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ geta greint mismunandi form sviðslista,
- ▶ geta skrifað á gagnrýninn hátt um sviðlistir,
- ▶ geta tekið þátt í umræðum um sviðlistaformið,
- ▶ hafa öðlast skilning á fjölbreytilegu rófi sviðslistasýninga frá mismunandi tímum,
- ▶ hafa færni til að spyrja lykilsurninga um þætti sem tengjast gerð sviðsverka ss. frásögn, rými, karakterssköpun, búningar, ljós og hljóð.

Námsmat: Símat og skrifleg verkefni

Umsjónarkennari: Ásgerður G. Gunnarsdóttir

---

## **VSS0005S Verklegr sviðslistasaga**

5 ECTS

### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður saga sviðslistanna rannsökuð í gegnum umræður, verklegar tilraunir og verkefni. Rýnt er í ákveðnar aðferðir, tímabil og stefnur, með það að markmiði að nemendur kynnist verklega ólíkum aðferðum og nálgunum innan sviðslista á mismunandi tímabilum í sögunni. Einnig verður rýnt í hvernig hugmyndafræðilegar og samfélagslegar breytingar hafa áhrif á kenningar og aðferðir innan sviðslista.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og kunna skil á þeim hugmyndum, kenningum og aðferðafræði sviðslista sem unnið er með,
- ▶ hafa skilning á hugmyndafræðilegum og samfélagslegum áhrifum á þróun aðferða innan sviðslista,

- ▶ vera færir um að tjá sig skriflega, munnlega og verklega um námsefnið,
- ▶ vera færir um að rökstyðja hagnýtar úrlausnir verkefna,
- ▶ geta unnið í hóp á jafningjagrundvelli,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir og hugmyndir sem unnið er með,
- ▶ geta tekið þátt í gagnrýnni umræðu um eigin verk og annarra,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í verklegri vinnu.

Námsmat: Verkleg og skrifleg verkefni, sjálfsmat

Umsjónarkennari: Una Þorleifsdóttir

Kennari: Una Þorleifsdóttir

---

## **SUS0002L Starfsumhverfi sviðslista**

2 ECTS

### **Lýsing**

Í námskeiðinu fá nemendur innsýn í innviði starfsumhverfis sviðslista á Íslandi og þjálfun í viðtalstækni og gerð styrkumsókna. Farið er m.a. í styrkja- og skattaumhverfi, alþjóðleg tengslanet og sviðslistahátíðir, tengsl við fjölmiðla og kynningar á helstu fagfélögum innan sviðslista.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast grunnþekkingu á starfsumhverfi sviðslista og geta fótað sig með sjálfstæðum hætti í íslensku sviðslistaumhverfi,
- ▶ þekkja helstu innviði starfsumhverfis sviðslista á Íslandi, geta leitað upplýsinga um sviðslistir og sýnt færni í að vinna úr þeim,
- ▶ hafa sýnt færni í að tjá sig á skýran og skilmerkilegan hátt um eigin listsköpun og vinnuferli, sér í lagi með hliðsjón af kynningu fyrir fjölmiðla og fjárveitendur.

Námsmat: Greinargerð um verkefni (styrkumsókn), kynning verkefnis (efni fyrir fjölmiðla)

Umsjónarkennari: Ásgerður Gunnarsdóttir

Kennarar: Gestir



## VAL

---

### **SAMLH002S Samfélagsleikhús**

2 ECTS

#### **Lýsing**

Á námskeiðinu er farið yfir mismunandi aðferðir og áherslur í samfélagsleikhúsi og hugtakið rætt frá ýmsum sjónarhornum. Skoðuð eru dæmi um samfélagsleikhús og þátttakendur miðla af eigin reynslu í umræðum. Nemendur vinna að áætlun um samfélagsleikhúsverk, sem bæði getur verið framkvæmt á meðan námskeiðinu stendur eða síðar.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast skilning á mismunandi aðferðum og fagufræði samfélagsleikhúss,
- ▶ hafa tileinkað sér aðferðir við að skipuleggja og framkvæma samfélagsverk,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli í listrænu ferli,
- ▶ geta miðlað hugmyndum sínum innan hóps þannig að nýtist í listrænu ferli.

Námsmat: Símat, verkefni.

Kennari: Aude Busson.

---

### **OOVH002S Og orðið varð hold**

2 ECTS

#### **Lýsing**

Á námskeiðinu verður leitast við að kanna samverkun líkamlegra gjörða og textaflutnings. Í gegnum leikræna spuna með kringumstæður verða áhrif líkamlegra gjörða á áferð og eiginleika orða skoðuð og greind. Hvenær í aðstæðum eru orð nauðsynleg og hvenær eru þau óþörf? Hvernig fæðast orðin í líkamanum?

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skerpt tilfinningu sína fyrir sambandi raddar og líkama þannig að nýtist í túlkun texta
- ▶ geta beitt viðeigandi tækni í hóp- og einstaklingsverkefnum,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo að komi að gagni í vinnu úti á gólfi.

Námsmat: Símat.

Kennari: Nika Brettschneider, Igor Dostalek

---

## **DED002S Dramatúrgía- ekki drama**

2 ECTS

### **Lýsing**

Á námskeiðinu verður kafað ofan í dramatúrgíu í samtímasviðslistum; tilurð, uppbyggingu og framsetningu leikræns efnis. Farið verður í saumana á sібreytilegu starfi dramatúrgsins og ólíkum birtingarmyndum þess í gegnum tíðina. Fjallað verður sérstaklega um vinnuaðferðir nokkurra listamanna/hópa. Námskeiði er verklegt með fræðilegu ívafi.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast skilning á fjölbreytileika dramatúrgúnnar í sviðslistum,
- ▶ hafa tileinkað sér vinnubrögð sem stuðla markvisst að leikrænni útfærslu hugmynda,
- ▶ geta gert sér grein fyrir mikilvægi þess að innihald og form haldist í hendur,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli,
- ▶ geta verið virkir þátttakendur í sköpunarferlinu og með inntak verksins að leiðarljósi.

Námsmat: Símat.

Kennari: Bjarni Jónsson

---

## **CVP002T Complete Vocal**

2 ECTS

### **Lýsing**

Farið er í gegnum grunnatriði CVT-söngtækninnar og hugtök og aðferðir kynntar. Fléttað er inn í ýmsum æfingum og unnið með ólíkar stillingar raddarinnar ásamt meginatriðunum þremur: stuðningur, nauðsynlegt twang og laus kjálki og varir. Lögð er áhersla að nemandinn kynnist mismunandi styrk eigin raddar.

Unnið er verklega í hóptímum.

### **Hæfniviðmið**

- ▶ Í lok námskeiðs á nemandinn að:
- ▶ hafa náð grunnfærni í þremur meginatriðum CVT (stuðningur, nauðsynlegt „twang“ og laus kjálki og varir), hafa náð færni í að opna og styrkja hljóð raddar,
- ▶ þekkja fjórar stillingar raddarinnar (neutral, curbing, overdrive, edge).

Námsmat: Símat

Umsjónarkennarar: Björk Jónsdóttir

# LEIKARABRAUT

## FYRSTA ÁR HAUSTMISSERI – SKYLDA

---

### LTÚ010010 Leiktúlkun I

10 ECTS

#### Lýsing

Námskeiðinu er ætlað að vekja nemandann til meðvitundar um eigin tjáningartæki og möguleika þeirra. Áherslan er á að nemandinn kynnist handverki og list leikarans í gegnum tækni, æfingar og vinnu út á gólfi. Gerðar eru æfingar til þess að þjálfá líkamsvitund, rýmisvitund, samvinnu, samsömunarhæfni og óþvingaða sviðstilveru. Nemendur fá þjálfun í leiktækni Stanislavskis, með sérstakri áherslu á kerfi líkamlegra gerða. Markmið námskeiðsins er að leysa úr læðingi skapandi krafta listamannsins og gera nemandann meðvitaðan um eigin sköpunargáfu.

#### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa kynnst tæknilegri þjálfun leikarans og vaknað til meðvitundar um eigin líkama sem verkfæri til listsköpunar,
- ▶ hafa skerpt tilfinningu sína fyrir rými og tíma, formi og stíl og geta beitt viðeigandi tækni,
- ▶ hafa skilning á nauðsyn og gagnsemi þjálfunar og æfinga í daglegu starfi leikarans,
- ▶ vera meðvitaðir um eigin tjáningartæki, möguleika þeirra og þátt ímyndunarafsisins í allri sköpun,
- ▶ hafa skilning á hugtökum kerfis líkamlegra gerða, svo sem gjörðum, ásetningi, hindrunum, drífandi forsendum og herbrögðum, og geta beitt þeim í leiktúlkun,
- ▶ hafa skilning á og geta unnið með hið persónulega í listrænu samhengi,
- ▶ hafa þjálfað samsömunarhæfni sína og sviðstilveru,
- ▶ geta leyst leiktúlkunarverkefni af áráðni,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo að komi að gagni í vinnu úti á gólfi,
- ▶ hafa þróað með sér gagnrýna hugsun og sýn á viðfangsefni sín.
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum,
- ▶ geta tjáð sig munnlega og skriflega um eigið vinnuferli,

Námsmat: Símat, verkefni, vinnubók og greinagerð.

Umsjónarkennari: Stefán Jónsson

Kennarar: Sinead Rushe, Stefán Jónsson og Stefán Hallur Stefánsson

---

## **SLT0004S Saga leiktúlkunar**

4 ECTS

### **Lýsing**

Á námskeiðinu verður farið gegnum sögu leiktúlkunar og leiktækni á Vesturlöndum og víðar. Skoðaðar verða helstu hugmyndir og áherslur í þjálfun og vinnu leikarans frá öndverðu, fram á okkar tíma, með megináherslu á strauma og stefnur 20. aldarinnar. Sjónum er beint að aðferðafræðinni, – sjálfu handverkinu – hvar áherslur hafa legið í þjálfun og vinnu leikarans hverju sinni og hvers vegna? Hvaða hugmyndafræði og fagurfræði liggur þar til grundvallar. Markmiðið er að gefa nemendum yfirsýn yfir leiklistarsöguna frá sjónarhóli leikarans og vekja athygli þeirra á því hvernig nýjar hugmyndir (vísindalegar, pólitískar, heimspekilegar, trúarlegar o.s.frv.) krefjast nýs búnings frá hendi listamannanna og hvenær, hvernig og hvers vegna nýjar leiðir í leikstíl og túlkun verða til sem andsvar við ríkjandi aðferðum. Hvenær og hvernig nýtist „hefðin“ okkur á skapandi hátt og hvenær erum við „bundin“ af henni – hefð-bundin?

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja helstu leiktúlkunaraðferðir og leikstíla sem fjallað er um innan námskeiðsins,
- ▶ afa grunnþekkingu og -skilning á þeirri fjölbreyttu leiktækni sem liggur að baki þessum ólíku leikstílum og leiktúlkunaraðferðum,
- ▶ hafa skilning á þeim þáttum (samfélagslegum, heimspekilegum, vísindlegum, trúarlegum o.s.frv.) sem knýja fram ný vinnubrögð hjá leikurum,
- ▶ að átta sig á samspili aðferðafræði, hugmyndfræði og fagurfræði,
- ▶ ekkja helstu áhrifavalda; kenningar þeirra og aðferðir og geta beitt þeirri þekkingu við greiningu og skrif,
- ▶ þekkja grundvallarhugtök leiktúlkunarfræða og geta beitt þeim í ræðu og riti,
- ▶ hafa hæfni til að tjá sig skriflega um efnið með gagnrýnum hætti.

Námsmat: Próf og smærri verkefni. Ástundun og virkni í kennslustundum (Símat)

Umsjónarkennari: Rúnar Guðbrandsson

Kennari: Rúnar Guðbrandsson

---

## **TÆK01006S Tækni I**

6 ECTS

Tungumál: íslenska og enska

### **Lýsing**

Í námskeiðinu er lagður grunnur að tækni leikarans í hreyfingu, rödd og söng. Áhersla er lögð á að kynna líkamlegum og tæknilegum þáttum leiktækninnar. Fögin eru kennd í aðskildum tímum en áhersla lögð á að nemendur nýti sér samhengi þeirra á milli. Lagður er grunnur

að hreyfingu leikaranema og er miðað að því að efla líkamsvitund og færni nemenda, rýmisvitund, hlustun og samvinnu í gegnum ólíkar æfingar. Lagður er grunnur að undirstöðuatriðum raddbeitingar; slökun, öndun, stuðningi, opnun hljóms og hljóðmótun. Stuðlað er að tengingu raddar og líkama. Farið er í gegnum aðferðafræði CVT söngtækninnar og hugtök og aðferðir kynntar. Nemendur velja sér sönglög til að vinna með og skiptir ekki máli hvaða tónlistarstíl um ræðir. Áhersla er lögð á að nemendur kynnist styrkleikum eigin raddar.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast grunnskilning og færni í þeirri tækni sem lögð er til grundvallar,
- ▶ hafa öðlast tilfinningu fyrir líkama sínum og skilning á möguleikum hans,
- ▶ hafa þjálfað samhæfingu og líkamlega færni (styrkur, liðleiki, úthald),
- ▶ hafa náð grunnfærni í hlustun, rýmisvitund og samvinnu í hóp,
- ▶ þekkja undirstöðuatriði raddbeitingar í tali/söng og skynja þau á eigin líkama (öndun, stuðningur, hljómur og hljóðmótun),
- ▶ hafa skýra mynd af eigin raddbeitingu, hafa opnað og styrkt röddina og tengt hana líkam-anum,
- ▶ hafa náð grunnfærni í meginatriðum CVT í söng,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um vinnuferli sitt.

Námsmat: Símat, verkefni og greinargerð

Umsjónarkennari: Stefán Jónsson

Kennarar: Björk Jónsdóttir, Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, Hilmir Jensson og fleiri.

## **FYRSTA ÁR VORMISSERI – SKYLDA**

### ***ISL0004L Íslensk leiklistarsaga***

4 ECTS

#### **Lýsing**

Á námskeiðinu verður farið yfir sögu íslenskrar leiklistar frá 19. öld til samtímans en einnig litið til leikrænnar menningar á Íslandi fyrir á öldum. Að auki verður varpað fram spurningum um rannsóknaraðferðir í leiklistarsögu, hvar heimildir er að finna, úrvinnslu þeirra og helstu vandamál sem við er að etja í leiklistarsögulegum rannsóknum.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja helstu strauða og áhrifavalda íslenskrar leiklistarsögu og leikritunar,
- ▶ hafa sýnt almenna færni í grunnatriðum rannsókna á afmörkuðum viðfangsefnum íslenskrar leiklistarsögu,

- ▶ kunna að leita sér upplýsinga og heimilda um íslenska leiklistarsögu og þekkja til helstu rannsókna á því sviði,
- ▶ geta greint heimildir og unnið úr þeim á gagnrýninn hátt,
- ▶ hafa skilning á stöðu og starfsumhverfi íslenskra sviðslista í sögulegu og menningarlegu samhengi,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um viðfangsefni námskeiðsins.

Námsmat: Ritgerð, verkefni og próf.

Umsjónarkennari: Magnús Þór Þorbergsson

---

### **CHO0201S Kór II**

1 ECTS

Forkröfur: Kór I eða sambærileg þjálfun.

#### **Lýsing**

Á námskeiðinu er unnið með ýmsar tegundir hóp- og kórsöngs, með áherslu á spuna, söngleiki og rokk- og popplög. Þrennir tónleikar verða haldnir á önninni. Áfram er unnið með opnun og styrkingu söngraddar í hóp, túlkun og nótnalestur.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta sungið nokkuð flóknar fjölradda útsetningar,
- ▶ hafa færni til að spinna lag- og hrynmynstur,
- ▶ kunna að lesa úr nótnaskrift og algengustu túlkunarkerkjum.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Gunnar Benediktsson

---

### **LROGR004S Leikritun og greining**

4 ECTS

#### **Lýsing**

Námskeiðið er tvíþætt. Í fyrri hluta þess er farið í hefðbundna leikritagreiningu. Rýnt er í undirstöðuatriði leikritagreiningar, sem byggir á greiningarkerfi gjörða, kennt við Rússann Tovstonogov. Helstu hugtök greiningarkerfisins eru kynnt og valin verk notuð til þjálfunar í greiningarvinnu. Í síðari hluta námskeiðsins verður sjónum beint að straumum og stefnum innan þeirrar leikritunar sem hafnar hefðbundnum dramatískum lögmálum, byggingu, línulegri framvindu og persónusköpun. Velt verður upp spurningum um þau lögmál sem liggja slíkum verkum til grundvallar, hvernig hægt sé að nálgast þau til greiningar og þau skoðuð í menningarlegu og samfélagslegu samhengi.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ sýna þekkingu á greiningarkerfi gjörða og þeim forsendum sem þar liggja til grundvallar og geta nýtt þekkingu sína og skilning til fræðilegrar iðju,
- ▶ sýna þekkingu á straumum og stefnum innan þeirrar leikritunar sem leitast við að hafna hefðbundnum dramatískum lögmálum ásamt forsendum sem liggja þeim til grundvallar, og geta nýtt þá þekkingu og skilning til fræðilegrar iðju,
- ▶ þekkja möguleika og takmarkanir samtímaleikritunar og geta skoðað hana í samhengi við aðrar listgreinar, menningu og samfélag,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir út frá fræðilegum forsendum og geta nýtt sér fræðitexta við vinnu sína,
- ▶ sýna færni í að rökstyðja fræðilegar og/eða hagnýtar úrlausnir í greininni og hæfni til að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum í töluðu og rituðu máli,
- ▶ sýna hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Námsmat: Ritgerð, greiningarverkefni og smærri verkefni

Umsjónarkennari: Stefán Jónsson

Kennarar: Stefán Hallur Stefánsson og Hrafnhildur Hagalín

---

## LTÚ02012S Leiktúlkun II

12 ECTS

### Lýsing

Áfram er unnið með leiktúlkunaraðferðir Stanislavskis, kerfi líkamlegra gerða, gegnum texta úr skáldsögum og leikritum. Farið er í karaktersköpun og vinnu með persónur, gerðalega greiningu verka og senuvinnu. Unnið er með ímyndunarafl, samsömun og skilningarvit til þess að efla sviðstilveru nemandans. Sömu leiðis kynnast nemendur vinnuaðferðum leikhúss líkamans (physical theatre), þar sem áhersla er lögð á að þjálfra líkams- og rýmisvitund nemandans, sviðstilveru hans og samband við áhorfendur. Markmið námskeiðsins er að veita nemandanum trausta undirstöðu í leiktúlkun, efla meðvitund hans um eigin sköpunargáfu og auka færni hans í að beita þeim aðferðum, sem lagðar eru til grundvallar.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera meðvitaðir um eigin tjáningartæki og þátt ímyndunarafsisins í allri sköpun,
- ▶ hafa frekari skilning á hugtökum kerfis líkamlegra gerða, og geta beitt þeim í leiktúlkun,
- ▶ hafa aukna þekkingu á greiningarkerfi gerða og vinnu í stóra og miðju hring og geta beitt henni í senuvinnu,
- ▶ hafa þjálfað frekar samsömunarhæfni sína og sviðstilveru,

- ▶ hafa þekkingu á aðferðum og tækni í leikhúsi líkamans og geta beitt hvoru tveggja verklega,
- ▶ hafa færni í að skapa persónu með þeirri leiktækni sem við á,
- ▶ hafa skilning á mikilvægi samhæfingar tækni, tjáningar og sköpunar í lifandi listflutningi,
- ▶ geta unnið með hið persónulega í listrænu samhengi,
- ▶ hafa þróað með sér faglega nálgun og gagnrýna hugsun,
- ▶ geta leyst leiktúlkunarverkefni af áræðni og sjálfstæði,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo að komi að gagni í leiktúlkun,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum,
- ▶ geta tjáð sig munnlega og skriflega um eigið vinnuferli.

Námsmat: Símat, verkefni, vinnubók og greinagerð.

Umsjónarkennari: Stefán Jónsson

Kennarar: Caroline McSweeney, Stefán Hallur Stefánsson og Halldóra Geirharðsdóttir

---

## **TÆK02007S Tækni II**

7 ECTS

Tungumál: íslenska og enska

Forkröfur: Tækni I

### **Lýsing**

Í námskeiðinu er tækni leikarans í hreyfingu, rödd og söng þróuð áfram. Miðað er að því að styrkja þann grunn sem lagður var á 1. önn. Fögin eru kennd í aðskildum tímum en áhersla lögð á að nemendur nýti sér samhengi þeirra á milli. Áfram er miðað að því að auka líkamsvitund og efla líkamlega færni nemenda. Efla hæfni þeirra í rýmisvitund, hlustun og samvinnu, jafnframt því sem lögð er áhersla á snerpu og þor. Áfram er unnið að tæknilegri uppbyggingu raddar og tals. Byrjað er að tengja tækni og túlkun með textaverkefnum og þannig stuðlað að frelsi raddar, jafnhliða auknu öryggi í tækni. Jafnframt er samþætting við síðasta leiktúlkunarverkefni annarinnar. Í söngnum er raddtæknilegur grunnur styrktur enn frekar og áhersla er lögð á heilbrigði raddar. Unnið er með CVT-tækniaðferðina og er nemandinn hvattur til að prófa mismunandi hluti með röddina í gegnum ólík sönglög óháð tónlistarstíl nema annað sé ákveðið. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og mikilvægi þess að æfa sig á milli tíma.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa aukið og dýpkað skilning og færni í þeirri tækni sem lögð er til grundvallar,
- ▶ hafa aukið líkamsvitund sína og skilning á möguleikum líkamans,
- ▶ hafa aukið samhæfingu og líkamlega færni (styrkur, liðleiki, úthald),
- ▶ hafa aukið snerpu og þor í hreyfingu,
- ▶ hafa aukið færni í hlustun, rýmisvitund og samvinnu í hóp,



- ▶ vera komnir með traustan grunn í raddbeitingu í tali/söng sem gagnast þeim í skapandi vinnu,
- ▶ hafa þroskað hæfni sína til að vinna með texta/sönglög,
- ▶ hafa aukið við blæbrigði og fjölbreytileika í tali/söng,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um vinnuferli sitt.

Námsmat: Símat, verkefni og greinargerð

Umsjónarkennari: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir

Kennarar: Björk Jónsdóttir, Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, Hilmir Jenson og fleiri.

## **FYRSTA ÁR**

### **VORMISSERI – VAL**

#### **Sjá sameiginleg valnámskeið**

## **ANNANÐ ÁR – EKKI KENNT 2015–2016**

## **ÞRIÐJA ÁR**

### **HAUSTMISSERI – SKYLDA**

---

#### ***SL0002S Samtímaleiklist og leikarinn***

2 ECTS

Tungumál: Íslenska/enska

Forkröfur: Engar

#### **Lýsing**

Þessi stutti kúrs sem samanstendur af fimm kennslustundum tekur sem upphafspunkt eftirfarandi spurningu:

Hvernig hefur hlutverk leikarans breyst innan samtímasviðslista? Með nýjum og víðari skilgreiningum á leiklist og performance list, þá er óhjákvæmilegt að hugmyndin um leikarann breytist einnig. Þetta námskeið mun skoða dæmi úr sviðslistunum sem og í fræðunum til að skoða á og meta hvernig hlutverk leikarans hefur þróast og breyst. Horft verður á verk eftir: Forced Entertainment, Richard Maxwell, Robert Wilson, Paul Chan, Jerome Bel, and Anne Teresa De Keersmaeker. Textar verða lesnir eftir: Forced Entertainment, Jerome Bel, Bojana Cvejic, Claire Bishop and Richard Maxwell.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ geta horft á og rætt um tækni og aðferðir leikarans í tengslum við samtíma sviðslistir,
- ▶ hafa þróað hæfni sína í að skrifa og tala um samtímasviðslistir,

- ▶ hafa þróað hæfni sína í að nýta sér fræði til að skilja betur sína eigin tækni, aðferðir og samhengi,
- ▶ hafa þróað með sér víðari þekkingu á þeim vettvangi sem kallast samtíma sviðslistir.

Námsmat: Skrifleg verkefni og umræður

Umsjónarkennarar: Alexander Graham Roberts

---

## **IBSEN00002 Ibsen – Goðsagnaminni og helgisíðir í leikritum Henrik Ibsen**

2 ECTS

### **Lýsing**

Nemendum verður veitt almenn innsýn í feril leikskáldsins Henriks Ibsens. Síðan verður unnið á virkan hátt með goðsagnaminni og ritúöl sem greina má í tveimur leikritum hans, Heddu Gabler og Sólnes byggingameistara. Valdir kaflar þessara verka verða skoðaðir með verklegum æfingum og unnið með þær goðsögur og helgisíði sem Ibsen vísar til með beinum og óbeinum hætti í leiksviðslýsingum og þeim texta sem hann leggur persónum sínum í munn. Á grunni þessarar vinnu gera nemendur drög að handriti að sýningu sem byggir á brotum úr þeim verkum sem unnið er með.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa almenna þekkingu á leikritunarferli Ibsens,
- ▶ hafa sértæka þekkingu á notkun Ibsens á goðsagna- og helgistaðamínum í verkum sínum,
- ▶ hafa fengið æfingu í að vinna með margbrotinn menningararf í undirbúningi sviðsetninga og túlkun leikpersóna.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Trausti Ólafsson

Kennari: Trausti Ólafsson

## **LTÚ050016S Leiktúlkun V**

16 ECTS

### **Lýsing**

Þriðja árið er ár úrvinnslu og endurspeglast það í þessu námskeiði, þar sem nemendur fá tækifæri til að beita þeim verkfærum og aðferðum, sem þeir hafa tileinkað sér í náminu til þessa. Áfram er unnið með leiktúlkunar aðferðir Stanislavski þar sem áherslan er á senuvinnu út frá kerfi líkamlegra gjörða. Markmið námskeiðsins er að leysa úr læðingi skapandi krafta listamannsins og gera nemandann meðvitaðan um eigin sköpunargáfu. Námskeiðið reynir á færni nemenda í skapandi og fræðilegum vinnubrögðum, getu þeirra til samsetningar og færni í að laga sig að mismunandi vinnuáferðum. Unnið er að uppsetningum sem sýndar eru nokkrum sinnum og reyna á leiktúlkunarhæfni nemandans og úthald í opinberu samhengi. Í námskeiðinu er unnið að samþættingu raddar, líkama og túlkunar í eina lífræna heild.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta leyst leiktúlkunar verkefni af öryggi, áræðni og sjálfstæði,
- ▶ hafa aukið sjálfstraust og færni sem skapandi listamenn,
- ▶ hafa þekkingu á ólíkri nálgun og vinnubrögðum leiklistar,
- ▶ hafa tileinkað sér þá aðferðafræði í leiktúlkun sem lagðar er til grundvallar og geta beitt henni frammi fyrir áhorfendum,
- ▶ hafa tileinkað sér þá radd- og söngtækni sem við á,
- ▶ hafa náð auknu frelsi og öryggi í líkamsbeitingu, svo nýttist í leiktúlkun,
- ▶ hafa skilning á og getu til að vinna með hið persónulega í listrænu samhengi,
- ▶ hafa góða færni í samsömun, persónusköpun og sviðstilveru,
- ▶ geta á áhrifaríkan hátt miðlað listrænum hugmyndum sínum í gegnum hlutverk sitt til áhorfenda,
- ▶ hafa færni í að safna, vinna og skapa efni frá grunni,
- ▶ hafi færni og úthald í lifandi listflutningi,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsgaga og fagmennsku í vinnubrögðum ásamt víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem unnið er með,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfsgagnrýni og geta beitt henni meðvitað í listrænu ferli,
- ▶ hafa færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli.

Námsmat: Símat, verkefni og greinagerð.

Umsjónarkennari: Stefán Jónsson

Kennarar: Lenard Petit og Ragnar Bragason

---

## **TÆK05008S Tækni V**

8 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Tækni IV

### **Lýsing**

Námskeiðið er lokanámskeið í hreyfingu, rödd og söng. Krafa er gerð um sjálfstæði, yfirsýn og samþættingu tækni og sköpunar. Áfram er miðað að því að dýpka líkamsmeðvitund og að auka færni nemenda auk þess sem þjálfun til að auka tilfinningu nemenda fyrir eigin líkama, skynjun og rýmisvitund heldur áfram. Miðið er að því að efla samvinnu enn frekar. Í rödd er krafist skýrrar meðvitundar og sjálfsmats á eigin rödd og velja nemendur sér raddverkefni út frá því, auk þess sem samþætting er við leiktúlkun. Nemendur eiga að vera komnir með góð og haldbær verkfæri fyrir eigin rödd sem búið er að byggja upp með CVT-tækninni. Lögð er áfram áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum. Lokasöngtónleikar eru haldnir í enda námskeiðs.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á þeirri tækni sem lögð hefur verið til grundvallar og leikni til að nota hana við ólíkar aðstæður,
- ▶ hafa góðan skilning á eigin líkama og geta beitt honum meðvitað í skapandi vinnu,
- ▶ hafa góða samhæfingu og líkamlega færni,
- ▶ hafa náð góðri færni í hlustun og samvinnu,
- ▶ hafa færni til að nýta sér möguleika líkamans á sjálfstæðan og fjölbreyttan hátt í skapandi vinnu,
- ▶ geta tengt saman þekkingu sína á mismunandi hreyfingu og annarra námsgreina,
- ▶ hafa skýra meðvitund um sína eigin rödd og sjálfstæði til að vinna áfram með hana að námi loknu,
- ▶ geta nýtt röddina sem skapandi þátt í listrænni vinnu,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um vinnuferlið.

Námsmat: Símat, verkefni og greinargerð

Umsjónarkennari: Stefán Jónsson

Kennarar: Björk Jónsdóttir, Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, Hilmir Jenson og fleiri.

## **ÞRIÐJA ÁR**

### **HAUSTMISSERI – VAL**

---

#### ***RDFLÓKOOS Rdf/Lókal***

2 ECTS

#### **Lýsing**

Nemendur taka þátt í framkvæmd sviðslistahátíðanna RDF og LOKAL, undirbúningi þeirra framkvæmd og frágangi. Verkefni eru af ólíkum toga en nemendurnir vinna náðið með listamönnum hátíðarinnar, skipuleggjendum og öðrum aðstandendum að uppsetningum, kynningum, tæknimálum, móttöku og að öðrum tilfallandi verkefnum sem falla til við framkvæmd hátíðanna.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa innsýn í ólíka verkþætti sviðslistahátíða og umfang slíkrar starfsemi,
- ▶ hafa aukinn skilning á starfsumhverfi sviðslista í gegnum reynslu á vettvangi,
- ▶ geta framfylgt verkáætlunum á ábyrgan hátt og geta beitt hugviti við úrlausnir verkefna,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í samstarfi,

Námsmat: Símat og greinagerð.

Umsjónarkennari: Ragnheiður Skúladóttir

## **ÞRIÐJA ÁR**

### **VORMISSERI – SKYLDA**

---

#### ***LSH0008S Leikarinn sem höfundur***

8 ECTS

#### **Lýsing**

Námskeiðið byggist á því að nemendur takast á við verkefni sem reyna á færni þeirra í skapandi og fræðilegum vinnubrögðum, skilningi og yfirsýn. Í námskeiðinu vinna nemendur sjálfstætt undir handleiðslu kennara að því að búa til einstaklingsverkefni sem þeir telja að endurspegli þá best sem listamenn í samhengi við sviðslistir samtímans. Nemendur hafa frjálssar hendur við val á viðfangsefni og nálgun og eru því ekki bundnir við fyrirfram gefið form eða innihald. Unnið verður að uppsetningu sem sýnd verður nokkrum sinnum og mun reyna á leiktúlkunarhæfni nemandans og úthald í opinberu samhengi.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa innsýn í ólíka aðferðafræði og hugsunarhátt listamanna í nútímasamafélagi með það fyrir augum að skerpa persónulega listræna sýn sína,
- ▶ hafa þroskað og eft hæfileika sína til að greina og þróa eigin hugmyndir um leiklist,
- ▶ geta sett sér markmið, gert verkáætlanir og fylgt þeim,
- ▶ geta leitt listrænt ferli frá hugmynd til sviðsetningar og hafa færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ hafa færni til að greina ferlið sem á sér stað frá því að hugmynd fæðist þar til hún er útfærð í sýningu,
- ▶ hafa aukið sjálfstraust og færni sem skapandi listamenn,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum ásamt víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfs gagnrýni og geta beitt henni meðvitað í listrænu ferli,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu,
- ▶ hafi færni og úthald í lifandi listflutningi í opinberu samhengi,
- ▶ geta á áhrifaríkan hátt miðlað listrænum hugmyndum sínum í gegnum hlutverk sitt og listsköpun til áhorfenda,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem unnið er með,
- ▶ hafa tileinkað sér gagnrýna hugsun í nálgun sinni og geta rökrætt og rökstutt ákvarðanir sínar á faglegan hátt, munnlega og skriflega.

Námsmat: Vinnuferli, sýning og greinagerð.

Umsjónarkennari: Stefán Jónsson

Kennari: Ragnheiður Skúladóttir

---

## **LOKL0018S Lokaverkefni**

18 ECTS

### Lýsing

Uppsetning á leikverki undir handleiðslu atvinnuleikstjóra. Markmið áfangans er að nemendur fái tækifæri til að samtvinnna þá margvíslegu þekkingu sem þeir hafa aflað í náminu. Uppsetningin er jafnframt útskriftarverkefni nemenda.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ geta samtvinnnað þá margvíslegu þekkingu sem þeir hafa aflað sér í leiktúlkun og framkomu á sviði síðustu þrjú ár,
- ▶ hafa náð valdi á samþættingu tæknilegrar færni í sviðsframkomu og persónusköpun,

- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum, víðsýni og frumleika í hugsun, og geta beitt þessum eiginleikum í listrænu ferli,
- ▶ hafa færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu,
- ▶ geta á áhrifaríkan hátt miðlað listrænum hugmyndum sínum í gegnum hlutverk sitt til áhorfenda,
- ▶ hafi færni og úthald til að sýna fullæfða sýningu í opinberu samhengi,
- ▶ hafa aukið sjálfstraust og færni sem skapandi listamenn,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem unnið er með,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli.

Námsmat: Vinnuferli, sýning og greinagerð.

Umsjónarkennari: Stefán Jónsson

Kennarar: N.N.

## **ÞRIÐJA ÁR**

### **VORMISSERI – VAL**

#### **Sjá sameiginleg valnámskeið**

# SAMTÍMADANSBRAUT

## FYRSTA ÁR HAUSTMISSERI – SKYLDA

---

### **ATN0001L Anatómía fyrir dansara**

1 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður fjallað um anatómíu í tengslum við hreyfingu og dans, á bóklegan og verklegan hátt. Nemendur munu kynna uppbyggingu beinagrindarinnar og hlutverki vöðva og liðamóta. Áhersla verður lögð á rétta líkamsstöðu og líkamsbeitingu, bæði í kyrrstöðu og á hreyfingu.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á uppbyggingu beinagrindarinnar,
- ▶ hafa skilning á hlutverki vöðva og liðamóta,
- ▶ hafa öðlast líkamsmeðvitund,
- ▶ hafa skilning á sinni eigin líkamsstöðu,
- ▶ geta tileinkað sér upplýsingar úr námskeiðinu og nýtt sér í annarri tæknivinnu.

Námsmat: Símat og verkefni.

Umsjónarkennari: Guðrún Svava Kristinsdóttir

Kennari: Guðrún Svava Kristinsdóttir

---

### **LDS01002S Listdanssaga I**

2 ECTS

#### **Lýsing**

Á námskeiðinu verður saga listdansins skoðuð í fræðilegu og samfélagslegu samhengi. Fremur en að veita línulegt yfirlit yfir sögu og þróun listdanss verða skoðaðar stefnur og straumar á ólíkum tímum út frá afmörkuðu sjónarhorni í hverjum tíma fyrir sig. Áherslan í Listdanssögu I verður á dansarann og breyting á hugmyndum í tengslum við það hugtak skoðaðar frá upphafi til dagsins í dag

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:



- ▶ hafa þekkingu á kenningum, hugtökum og aðferðum dansarans og geta nýtt þá þekkingu til fræðilegrar sem og verklegrar iðju,
- ▶ hafa þekkingu á helstu straumum og áhrifavaldum í sögu dansarans og þær forsendur og samhengi sem liggja þar til grundvallar,
- ▶ hafa skilning á fræðilegum textum og hæfni til að nýta sér þá við greiningu viðfangsefna,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir út frá fræðilegum forsendum og geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknaniðurstöðum í töluðu og rituðu máli,
- ▶ hafa hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni,
- ▶ geta nýtt sér fræðilega þekkingu til greiningar á dansverkum eða öðrum dæmum.

Námsmat: Símat, verkefni og ritgerð

Umsjónarkennari: Ásgerður G. Gunnarsdóttir

---

### **SFD0109S Skapandi ferli dansara I**

9 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður aðaláhersla lögð á mismunandi nálganir á hreyfingu í gegnum spuna og skapandi vinnu með danshöfundum. Meðvitund nemandans um möguleika líkamans í hreyfingu verður kynnt meðal annars í gegnum Gaga-spunatækni og snertispuna. Auk þess kynnist nemandinn hreyfitungumáli ólíkra danshöfunda í vinnustofum.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta unnið í hópi undir handleiðslu kennara og tekið við leiðbeiningum og verkefnum,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á hugmyndafræði og færni í þeim aðferðum sem lagðar eru til grundvallar,
- ▶ hafa öðlast meðvitund um hreyfigetu líkamans í gegnum mismunandi spunaaðferðir,
- ▶ hafa þekkingu á ólíkum hreyfieiginleikum líkamans,
- ▶ geta tileinkað sér mismunandi eiginleika spunaaðferða,
- ▶ hafa tamið sér nákvæmni í hreyfingu,
- ▶ hafa kynnst ólíkum nálgunum á hreyfingum við sköpun dansverks undir handleiðslu danshöfundar,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæða hugsun og víðsýni og geta farið út fyrir sitt eigið þægindasvið.

Námsmat: Símat, vinnubók og greinargerð.

Umsjónarkennari: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Kennarar: Emma Rozgoni, Karin Munster Jameson, Athanasia Kanellopoulou, og Rósa Ómarsdóttir

---

## **TÆKD0108S Tækni dansara I**

8 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Engar

### **Lýsing**

Megináhersla er lögð á tækniþjálfun dansarans sem lögð er til grundvallar í samtímadansi, ballett og pilates. Samtímadansinn er kenndur á hverjum degi og er lögð áhersla á „release“-tækni og „floor work“. Kennt er í lotum þar sem hver kennari kemur með nýja nálgun á viðfangsefnið. Ballett fyrir samtímadansara verður kenndur að jafnaði þrisvar í viku og er lögð sérstök áhersla á að nálgast klassísku tæknina þannig að hún nýtist og styðji við samtímadansinn. Pilates-tímarnir eru tvisvar í viku og þar er aðaláherslan lögð á að styrkja miðju og lengja vöðva. Haldið verður áfram að þjálfa frekari færni og listleikni nemandans í þessum aðferðum sem og efla meðvitund hans um nauðsyn þess að stunda daglega tækniþjálfun.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa byggt upp líkamlegan styrk, samhæfingu og liðleika sem og bætt líkamsstöðu sína,
- ▶ vera meðvitaðir um nauðsyn daglegrar þjálfunar og geta nýtt sér þær aðferðir sem til grundvallar eru lagðar í námskeiðinu til að ná betri árangri og öðlast meiri skilningi á möguleikum eigin líkama í dansi,
- ▶ hafa líkamlegan skilning á ólíkum aðferðum þeirrar tækni sem lögð er til grundvallar með tilliti til rýmis, tíma og orku,
- ▶ geta tengt grunnhugmyndir líkamsfræðinnar við tækni, með það fyrir augum að geta yfirfært á eigin líkama og líkamsbeitingu,
- ▶ hafa tamið sér sjálfsaga, vönduð vinnubrögð og geta unnið á jafnréttisgrundvelli í hópi.

Námsmat: Símat, próf, vinnubók og greinargerð

Umsjónarkennari: Saga Sigurðardóttir

Kennarar: Emma Rozgoni, Karin Munster Jameson, Athanasia Kanellopoulo, Rósa Ómarsdóttir, Tinna Grétarsdóttir Anna Margrét Sigurðardóttir og Katrín Gunnarsdóttir

## **FYRSTA ÁR VORMISSERI – SKYLDA**

---

### **CHO0201S Kór II**

1 ECTS

Forkröfur: Kór I eða sambærileg þjálfun

#### **Lýsing**

Á námskeiðinu er unnið með ýmsar tegundir hóp- og kórsöngs, með áherslu á spuna, söngleiki og rokk- og popplög. Þrennir tónleikar eru haldnir á önninni. Áfram er unnið með opnun og styrkingu söngraddar í hópi, túlkun og nótnalestur.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast frekari leikni í að syngja fjölradda söng og geta beitt henni í listsköpun sinni,
- ▶ hafa öðlast færni í hlustun og samsöng í spuna,
- ▶ hafa náð frekari kunnáttu í nótnalestri.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Gunnar Benediktsson

---

### **LDS02002S Listdanssaga II**

2 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Listdanssaga I

#### **Lýsing**

Á námskeiðinu verður byggt á hugmyndum sem lagt ver upp með í Listdanssögu I og haldið áfram að skoða sögu listdansins í fræðilegu og samfélagslegu samhengi. Fremur en að veita línulegt yfirlit yfir sögu og þróun listdans verða skoðaðar stefnur og straumar á ólíkum tímum út frá afmörkuðu sjónarhorni í hverjum tíma fyrir sig. Áherslan í Listdanssögu II verður á danssmíði og þróun hugmynda í tengslum við hana skoðaðar frá upphafi til dagsins í dag. Sérstök áhersla verður lögð á kóréógrafíu frá 1990 til dagsins í dag og verða þær stefnur og straumar í kóréógrafíu sérstaklega skoðaða og verk því tengdur.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á kenningum, hugtökum og aðferðum kóréógrafíu og geta nýtt hana til fræðilegrar og verklegrar iðju,
- ▶ hafa þekkingu á helstu áhrifavöldum og straumum í sögu kóréógrafíunnar og þær forsendur sem liggja þar til grundvallar,

- ▶ hafa skilning á fræðilegum textum og hæfni til að nýta sér þá við greiningu viðfangsefna,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir út frá fræðilegum forsendum og geti sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknaniðurstöðum í töluðu og rituðu máli,
- ▶ hafa hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekki undirstöðuatriði leitar- og upp- lýsingatækni,
- ▶ geta nýtt sér fræðilega þekkingu til greiningar á dansverkum eða öðrum dæmum.

Námsmat: Símat, verkefni og ritgerð

Umsjónarkennari: Ásgerður G. Gunnarsdóttir

## **SFD02013S Skapandi ferli dansara II**

13 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Skapandi ferli I

### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður áfram unnið að ólíkri nálgun á hreyfingu í gegnum spuna þar sem aðaláherslan er á líkama, form og rými. Nemendur kynnst verkfærakistu danssmíðarinnar til þess að setja hugmyndir sínar og hreyfingu í form. Auk þess kynnst þeir annars konar spunaaðferðum og danssmíði bæði í vinnu með danshöfundi og sjálfstætt. Þá fá nemendur einnig innsýn í samspil tónlistar og hreyfingar.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta unnið sjálfstætt í hóp undir handleiðslu kennara og tekið við leiðbeiningum og verkefnum,
- ▶ hafa öðlast þekkingu og færni í þeim aðferðum sem lagðar eru til grundvallar, geta nýtt sér hvort tveggja og tengt við þekkingu frá fyrri önn,
- ▶ hafa öðlast meðvitund um hreyfímöguleika líkamans í formi og rými í mismunandi spunaaðferðum,
- ▶ hafa þjálfað hlustun og rýmisvitund bæði í hóp- og einstaklingsvinnu,
- ▶ geta nýtt sér form og rými á mismunandi vegu í gegnum hreyfingu,
- ▶ þekkja mismunandi möguleika á að koma hreyfingu og hugmyndum í form og setja í samhengi,
- ▶ hafa kynnst ólíkum aðferðum danssmíða við sköpun dansverks undir handleiðslu danshöfundar og í einstaklingsverkefni,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á mikilvægi samspils tónlistar og hreyfingar,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæða hugsun og vinnubrögð og komið hugmyndum sínum á framfæri í þeim verkefnum sem lögð eru fyrir.

Námsmat: Símat, verkefni, vinnubók og greinargerð.

Umsjónarkennari: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Kennarar: Shai Faran, Tony Vezich og Katrín Gunnarsdóttir

---

## **TÆKD02010S Tækni dansara II**

10 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Tækni I

### **Lýsing**

Í námskeiðinu er lögð áhersla á tækniþjálfun dansarans, í samtímadansi, ballett fyrir samtímadansara og pilates. Samtímadansinn er kenndur á hverjum degi þar sem hver kennari kemur með sína nálgun á viðfangsefnið. Ballett verður kenndur áfram þrisvar í viku og pilates-kennslan verður tvisvar í viku. Haldið verður áfram að þjálfa frekari færni og listleikni nemandans í þessum aðferðum sem og efla meðvitund hans um nauðsyn þess að stunda daglega tækniþjálfun.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa aukið og dýpkað skilning og færni í þeirri tækni sem lögð er til grundvallar,
- ▶ hafa eft meðvitund sína um nauðsyn daglegrar þjálfunar og geta nýtt sér þær aðferðir sem til grundvallar eru til að ná betri árangri og öðlast meiri skilning á möguleikum eigin líkama í dansi,
- ▶ hafa líkamlegan skilning á ólíkum aðferðum tækninnar sem lögð er til grundvallar með tilliti til rýmis, tíma og orku,
- ▶ geta tengt grunnhugmyndir líkamsfræðinnar við tæknina með það fyrir augum að geta yfirfært á eigin líkama og líkamsbeitingu,
- ▶ hafa tamið sér sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð og geta unnið á jafnréttisgrundvelli í hópi,
- ▶ hafa aukið skilning á hreyfanleika í liðamótum og notkun öndunar,
- ▶ hafa aukið úthald og styrk,
- ▶ hafa aukið skilning og meðvitund um tónlist og hrynjandi og tengt það við hreyfingu.

Námsmat: Símat, próf og greinargerð

Umsjónarkennari: Saga Sigurðardóttir

Kennarar: Shai Faran, Katrín Hall, Tinna Grétarsdóttir, Guðrún Svava Kristinsdóttir o.fl.

## **FYRSTA ÁR**

### **VORMISSERI – VAL**

#### **Sjá sameiginleg valnámskeið**

## **ANNÆÐ ÁR EKKI KENNT 2015–2016**

## **ÞRIÐJA ÁR HAUSTMISSERI – SKYLDA**

---

### **SKPOOOLD Skiptinám/starfsþjálfun**

30 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: lokið 2 árum á samtímadansbraut

#### **Lýsing**

Nemendur velja sér skóla eða listamann til að fara í starfs- eða skiptinám hjá.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa frekari færni og innsýn í fjölbreyttar vinnuaðferðir listamannsins,
- ▶ hafa aukinn skilning á starfsumhverfi listamannsins í gegnum reynslu á vettvangi,
- ▶ geta sett sér markmið, gert verkáætlanir og fylgt þeim eftir,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í samstarfi,
- ▶ hafa tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun sem nýtist í námi.

Námsmat: Nemendur í skiptinámi þurfa að standast þær kröfur sem móttökuskóli setur þeim. Nemendur í starfsnámi eru metnir á umsögnum viðtöku aðila og á greinargerð sem skilað er í lok starfsnámsins. Greinargerðin á að vera 6-8 blaðsíður og taka á helstu hlutverkum, lærdómi og vinnu nemandans á tímabilinu. Nemendur skila greinargerðinni til fagstjóra.

Umsjónarkennari: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Kennari: Ýmsir

## **ÞRIÐJA ÁR HAUSTMISSERI – VAL**

---

### **RDFLÓKOOS Rdf/Lókal**

2 ECTS

#### **Lýsing**

Nemendur taka þátt í framkvæmd sviðslistahátíðanna RDF og LOKAL, undirbúningi þeirra framkvæmd og frágangi. Verkefni eru af ólíkum toga en nemendurnir vinna náið með listamönnum hátíðarinnar, skipuleggjendum og öðrum aðstandendum að uppsetningum, kynningum, tæknimálum, móttöku og að öðrum tilfallandi verkefnum sem falla til við framkvæmd hátíðanna.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa innsýn í ólíka verkþætti sviðslistahátíða og umfang slíkrar starfsemi,
- ▶ hafa aukinn skilning á starfsumhverfi sviðlista í gegnum reynslu á vettvangi,
- ▶ geta framfylgt verkáætlunum á ábyrgan hátt og geta beitt hugviti við úrlausnir verkefna,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í samstarfi,

Námsmat: Símat og greinargerð

Umsjónarkennari: Ragnheiður Skúladóttir

Kennari: Ragnheiður Skúladóttir

## ÞRIÐJA ÁR

### VORMISSERI – SKYLDA

---

#### *EIV0008S Einstaklingsverkefni dansara*

8 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Að hafa lokið öllum námskeiðum fyrri anna

#### Lýsing

Í þessu námskeiði vinna nemendur að sjálfstæðri uppsetningu. Nemandi velur sjálfur viðfangsefni og aðferð. Áhersla er lögð á að nemendur þrói eigin hugmyndir, vinni úr þeim og finni þá framsetningu sem best hæfir viðfangsefninu. Nemendur vinna verkefnið undir leiðsögn leiðbeinanda. Námskeiðið endar á opinni sýningu á verkinu með áhorfendum og skilum á greinargerð.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tamið sér sjálfstæð, öguð og markviss vinnubrögð við sköpun dansverks,
- ▶ hafa lært að þróa eigin hugmyndir og finna þeim framsetningarform,
- ▶ geta skapað heilsteypt verk þar sem allir þættir sviðslistarinnar eru ígrundaðir,
- ▶ hafa þekkingu og skilning á sköpunarferlinu,
- ▶ hafa lært að setja upp tíma- og vinnuáætlun,
- ▶ skilja mikilvægi sviðsnærveru í framsetningu dansverks,
- ▶ hafa reynslu og skilning á að leiða listrænt ferli áfram og vinna náið með öðrum þátttakendum
- ▶ hafa tileinkað sér gagnrýna sín á eigin verk og vinnuferli og geti sett það í listrænt og samfélagslegt samhengi,
- ▶ vera færir um að túlka og miðla hugmyndum sínum, viðfangsefnum og niðurstöðum með skýrum hætti í rituðu og máli,

- ▶ sýna hæfni í akademískum vinnubrögðum, heimildaleit og úrvinnslu sem nýtist til grein-  
ingar á eigin vinnuferli og sköpun,
- ▶ hafa færni til aflla sér nauðsynlegra upplýsinga, meta áreiðanleika þeirra og nýta við grein-  
ingu á eigin vinnu.

Námsmat: Þátttaka, framsetning hugmynda, sýningarframkoma, skilningur, úrvinnsla og greinargerð

Umsjónarkennari: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Ásgerður Gunnarsdóttir, Margrét Bjarnadóttir og Sveinbjörg Þórhallsdóttir

---

### **MDST0001S Málstofa: Skapandi samstarf danshöfunda, sviðshöfunda og tónskálda**

1 ECTS

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu koma nemendur úr tónsmíðanámi, af sviðshöfunda- og samtímadansbraut saman og kynnast ólíkum samstarfsaðferðum í skapandi vinnu. Teymi sviðslistafólks og tónskálda koma í heimsókn og segja frá samstarfi sínu.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á eðli skapandi samstarfs milli tónskálda og sviðs- og danshöfunda,
- ▶ hafa faglega meðvitund og skilning á ólíkum samstarfsaðferðum innan sviðslista,
- ▶ hafa tileinkað sér gagnrýna sýn á eigin verk og annarra og geta tekið þátt í gagnrýnum og faglegum umræðum um skapandi ferli.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Una Þorleifsdóttir

Kennari: Gestir

---

### **LOKD0015S Lokaverkefni dansara**

15 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Að hafa lokið öllum námskeiðum fyrri missera

#### **Lýsing**

Í þessu námskeiði munu nemendur taka þátt í að skapa fullunnin dansverk í skapandi ferli með danshöfundi. Verkin verða sýnd í atvinnuleikhúsi þar sem allir þættir sviðslistarinnar eru nýttir. Nemendum er veitt innsýn í þá þætti er snúa að því að setja upp atvinnudanssýningu.



## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér vinnusemi og ábyrgð í skapandi ferli með danshöfundi,
- ▶ geta unnið fagmannlega í samstarfi við samnemendur og listrænt teymi,
- ▶ hafa öðlast skilning á hlutverki sínu sem dansara og bera ábyrgð á því, í vinnuferlinu sem og á sýningum,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á mikilvægi þess að vera bæði andlega og líkamlega undirbúnir fyrir sýningar,
- ▶ hafa öðlast meðvitund um mikilvægi sviðsframkomu og sviðsnærveru,
- ▶ hafa öðlast sýningarreynslu og vera meðvitaðir um mikilvægi þess að viðhalda hlutverki sínu í sýningunni,
- ▶ hafa öðlast skilning á samspili ýmissa þátta er snúa að sviðsetningu danssýningar,
- ▶ hafa tamið sér sjálfsaga, vönduð vinnubrögð og geta unnið á jafnréttisgrundvelli í hópi,
- ▶ hafi færni og úthald í lifandi listflutningi,
- ▶ geti samhæft tækni, tjáningu og sköpun í lifandi listflutningi.

Námsmat: Símat, sviðsframkoma, tæknileg færni, prófdómarar meta frammistöðu dansara á útskriftarsýningu í atvinnuleikhúsi.

Umsjónarkennari: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Kennarar: Valgerður Rúnarsdóttir og Saga Sigurðardóttir

---

## **TÆKD05003S Tækni dansara V**

3 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Tækni IV

## Lýsing

Í námskeiðinu er megináhersla lögð á daglega tækniþjálfun dansarans. Tæknin sem lögð er til grundvallar er samtímadans, ballett og pilates/ jóga.

Haldið verður áfram að þjálfra frekari færni og listleikni nemandans í þessum aðferðum sem og efla meðvitund hans um nauðsyn þess að stunda daglega tækniþjálfun.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa dýpkað skilning sinn og færni í þeirri tækni sem lögð er til grundvallar,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfsaga í daglegri tækniþjálfun,
- ▶ geta beitt mismunandi aðferðum tækninnar á sjálfstæðan máta,
- ▶ geta tileinkað sér öndunartækni í jóga og geta nýtt sér hana í öðrum tæknitímum,
- ▶ geta tengt grunnhugmyndir líkamsfræðinnar við tæknina með það fyrir augum að geta yfirfært á eigin líkama og líkamsbeitingu,
- ▶ hafa tamið sér sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð og geta unnið á jafnréttisgrundvelli í hópi.

Námsmat: Símat og greinargerð  
Umsjónarkennari: Saga Sigurðardóttir  
Kennarar: Ýmsir

**ÞRIÐJA ÁR**  
**VORMISSERI – VAL**  
**Sjá sameiginleg valnámskeið**

# SVIÐSHÖFUNDABRAUT

## FYRSTA ÁR HAUSTMISSERI – SKYLDA

---

### **ANMS0010S Aðferðafræði: Nýmiðlar, myndmál og sviðið**

10 ECTS

#### **Lýsing**

Námskeiðið er þrjúþætt. Í fyrsta hluta námskeiðsins er tækjabúnaður leikhússins kynntur fyrir nemendum. Nemendur læra að umgangast og kynnast notkun á ljósa-, hljóð- og myndbúnaði. Þar má nefna ljósaborð og kastara, hljóðmixera og hátalara, skjávarpa og tölvur. Í öðrum hluta námskeiðsins vinna nemendur að þróun hugmynda og sviðsetningu þeirra með sköpun fagurfræði, myndmáls og heildarmyndar verks að leiðarljósi. Unnið er án texta með aðra miðla sviðsins í verklegum verkefnum og æfingum. Einnig eru kynntar aðferðir við samsetningu verka. Áhersla er jafnframt lögð á að nemendur öðlist fræðilegan skilning á viðfangsefninu. Í þriðja hluta námskeiðsins kynnast nemendur vinnu með nýmiðla og gagnvirkni í leikhúsi, rannsaka möguleika þeirra og virkni og nota í verklegum verkefnum.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér þær aðferðir sem liggja til grundvallar í námskeiðinu, geta lagt sjálfstætt mat á þær og nýtt í listrænni vinnu,
- ▶ hafa skilning á og þekkja samspil rýmis, ljóss og hljóðs við sköpun listrænnar heildarmyndar þannig að nýtist í skapandi ferli,
- ▶ hafa skilning á notkun ljósa-, hljóð- og myndbúnaðar og beitingu hans í listrænu samhengi,
- ▶ þekkja verklagsreglur og varúðarráðstafanir er varða öryggismál og notkun tækja,
- ▶ þekkja til notkunar á nýmiðlum í samtíma sviðslistum og hafa skilning á virkni þeirra þannig að nýtist í skapandi ferli,
- ▶ hafa færni í þróun hugmynda sinna og sviðsetningu þeirra,
- ▶ hafa öðlast skilning á samhæfingu hugmyndafræði, tækni og sköpunar í sviðsetningu og geta beitt honum í listrænni vinnu,
- ▶ hafa færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um listsköpun sína og vinnuferli,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Verkefni, símat og greinargerð

Kennarar: Egill Ingibergsson og Rebekka Ingimundardóttir

---

## **SAMR0001S Samræður**

1 ECTS – Athugið að námskeiðið er kennt á hverju misseri alls 6 ECTS.

### **Lýsing**

Í námskeiðinu taka nemendur þátt í samræðum með fagstjóra sínum, öðrum nemendum brautarinnar og gestalistamönnum þegar það á við. Námskeiðinu er ætlað að skapa vettvang fyrir samræður um listrænar áherslur og stefnu hvers nemanda, faglega gagnrýni á eigin verk og annarra og uppbyggilega og opna umræðu. Nemendur kynna verk sín og hugmyndir en þess utan er námskeiðið einnig vettvangur fyrir umræðu um stefnur og strauma í samtímasviðslistum í víðu samhengi. Hluti námskeiðsins snýr að skráningu (documentation) nemenda á eigin verkum og vinnu innan sviðslista, innan skóla sem utan, í ferilmöppur sem skilað er í lok hverrar annar.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera meðvitaðir um eigin listræna sýn og hafa sýnt færni til að miðla henni,
- ▶ hafa færni í að skrásetja eigin verk og geta miðlað þeim með skýrum hætti í gegnum ferilmöppur,
- ▶ hafa faglega meðvitund og skilning á stöðu sviðslista í samtímanum,
- ▶ hafa tileinkað sér gagnrýna sýn á eigin verk og annarra og geta tekið þátt í gagnrýnum og faglegum umræðum um eigin verk og annarra, sem og sviðslistir á breiðum grunni.

Námsmat: Ferilmappa, þátttaka og virkni

Umsjónarkennari: Una Þorleifsdóttir

Kennari: Una Þorleifsdóttir og N.N.

---

## **STR0001OS Sviðslistir í tíma og rými**

10 ECTS

### **Lýsing**

Á námskeiðinu verða sviðslistir í sögu og samtíð skoðaðar út frá ólíkum sjónarhornum. Staða sviðslista og hlutverk þeirra í ólíkum samfélögum og á ólíkum tímum verður skoðuð og m.a. spurt um stöðu áhorfenda, virkni sviðsrýmis, hlutverk leikanda og tengsl við trú, pólitík og samfélag. Byggt verður á fjölbreyttum dæmi úr sögu sviðslista en einnig horft til sviðslista í samtímanum. Ávallt verður leitast við að setja sviðslistir í félagslegt og menningarlegt samhengi og rýnt verður í fræðikenningar úr ólíkum áttum til að varpa ljósi á þau.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja helstu strauma og áhrifavalda í sviðslistum og menningu sem fjallað er um innan

námskeiðsins, þær forsendur sem liggja þar til grundvallar og geta beitt þekkingu sinni við greiningu og skrif,

- ▶ hafa grunnþekkingu og -skilning á sviðslistum, sögu þeirra, hlutverki og virkni í samfélaginu,
- ▶ þekjja grundvallarkenningar, hugtök og aðferðir sviðslista og geta beitt þeim í greiningu afmarkaðra verkefna,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar út frá fræðilegum forsendum,
- ▶ hafa hæfni til að tjá sig skriflega um efnið með gagnrýnum hætti.

Námsmat: Ritgerð og verkefni

Umsjónarkennari: Magnús Þór Þorbergsson

## **FYRSTA ÁR**

### **VORMISSERI – SKYLDA**

---

#### ***STLR009S Aðferðafræði: Samsetning, texti, líkami, rými***

9 ECTS

#### **Lýsing**

Námskeiðið er byggt þeim grunni sem lagður var í námskeiðinu Aðferðafræði: Nýmiðlar, Myndmál og Sviðið. Áhersla námskeiðsins er á mismunandi aðferðir við sviðsetningu og samsetningu verka sem og á vinnu með líkama og texta í samhengi við aðra miðla sviðsins. Sjónum er beint að þeirri dýnamík sem skapast milli líkama, tíma og rýmis, og milli texta og sviðsetningar og ólíkar aðferðir við samsetningu og sviðsetningu eru rannsakaðar. Áfram er unnið með aðferðir við úrvinnslu og þróun hugmynda og áhersla er lögð á verklegan sem fræðilegan skilning á viðfangsefninu.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér þær aðferðir sem liggja til grundvallar í námskeiðinu, geta lagt sjálfstætt mat á þær og nýtt í listrænni vinnu,
- ▶ hafa öðlast meðvitund um eigin listræna sýn og sýnt færni í að miðla henni í sviðsetningu,
- ▶ hafa aukna færni í samsetningu verka, þróun hugmynda sinna og sviðsetningu þeirra,
- ▶ hafa skilning á samhæfingu hugmyndafræði, tækni og sköpunar í sviðsetningu og geta beitt honum í listrænni vinnu,
- ▶ hafa færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli og hafa tamið sér sjálfstæði og fagmennsku í vinnubrögðum,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að gagnist í listrænni vinnu.

Námsmat: Verkefni, símat og greinagerðir.  
Umsjónarkennari: Una Þorleifsdóttir  
Kennari: Caroline Mcsweeney og Rúnar Guðbrandsson

---

### **ISL0004L Íslensk leiklistarsaga**

4 ECTS

#### **Lýsing**

Á námskeiðinu verður farið yfir sögu íslenskrar leiklistar frá 19. öld til samtímans en einnig lítið til leikrænnar menningar á Íslandi fyrr á öldum. Að auki verður varpað fram spurningum um rannsóknaraðferðir í leiklistarsögu, hvar heimildir er að finna, úrvinnslu þeirra og helstu vandamál sem við er að etja í leiklistarsögulegum rannsóknum.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja helstu strauma og áhrifavalda íslenskrar leiklistarsögu og leikritunar,
- ▶ hafa sýnt almenna færni í grunnatriðum rannsókna á afmörkuðum viðfangsefnum íslenskrar leiklistarsögu,
- ▶ kunna að leita sér upplýsinga og heimilda um íslenska leiklistarsögu og þekkja til helstu rannsókna á því sviði,
- ▶ geta greint heimildir og unnið úr þeim á gagnrýnninn hátt,
- ▶ hafa skilning á stöðu og starfsumhverfi íslenskra sviðslista í sögulegu og menningarlegu samhengi,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um viðfangsefni námskeiðsins.

Námsmat: Ritgerð, verkefni og próf.  
Umsjónarkennari: Magnús Þór Þorbergsson

---

### **LROGR004S Leikritun og greining**

4 ECTS

#### **Lýsing**

Námskeiðið er tvíþætt. Í fyrri hluta þess er farið í hefðbundna leikritagreiningu. Rýnt er í undirstöðuatriði leikritagreiningar, sem byggir á greiningarkerfi gjörða, kennt við Rússann Tovstonogov. Helstu hugtök greiningarkerfisins eru kynnt og valin verk notuð til þjálfunar í greiningarvinnu. Í síðari hluta námskeiðsins verður sjónum beint að straumum og stefnum innan þeirrar leikritunar sem hafnar hefðbundnum dramatískum lögmálum, byggingu, línulegri framvindu og persónusköpun. Velt verður upp spurningum um þau lögmál sem liggja slíkum verkum til grundvallar, hvernig hægt sé að nálgast þau til greiningar og þau skoðuð í menningarlegu og samfélagslegu samhengi.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á greiningarkerfi gjörða og þeim forsendum sem þar liggja til grundvallar og geta nýtt þekkingu sína og skilning til fræðilegrar iðju,
- ▶ hafa þekkingu á straumum og stefnum innan þeirrar leikritunar sem leitast við að hafna hefðbundnum dramatískum lögmálum ásamt forsendum sem liggja þeim til grundvallar, og geta nýtt þá þekkingu og skilning til fræðilegrar iðju,
- ▶ þekkja möguleika og takmarkanir samtímaleikritunar og geta skoðað hana í samhengi við aðrar listgreinar, menningu og samfélag,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir út frá fræðilegum forsendum og geta nýtt sér fræðitexta við vinnu sína,
- ▶ sýna færni í að rökstyðja fræðilegar og/eða hagnýtar úrlausnir í greininni og hæfni til að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum í töluðu og rituðu máli,
- ▶ sýna hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Námsmat: Ritgerð, greiningarverkefni og smærri verkefni

Umsjónarkennari: Ásgerður G. Gunnarsdóttir

Kennari: Stefán Hallur Stefánsson og Hrafnhildur Hagalín

---

## SSISM01010S Sviðslistir og saga -Ismanna

10 ECTS

### Lýsing

Á námskeiðinu verða teknar fyrir mismunandi straumar og stefnur í hugmyndasögu 20. og 21. aldar. Farið verður í hvernig mismunandi og margbreytileg listræn og pólitísk hugmyndafræði hefur mótað fagurfræðilegar og gagnrýnar nálganir á vestrænt leikhús og sviðslistir í gegnum tíðina. Námskeiðið mun innihalda áhorf á dæmi, umræður og gagnrýn skrif. Meðal efnistaka verður feminismi, marxismi, Society of the Spectacle eftir Guy Debord, kapitalismi, póstmódernismi og mismunandi kenningar innan performans fræða, svo eitthvað sé nefnt.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ kunna skil á helstu straumum í hugmyndasögu 20. og 21. aldar og geta skoðað sviðslistir samtímans með hliðsjón af þeim,
- ▶ hafa skilning á fræðilegum textum og getu til að nýta sér þá við vinnu sína,
- ▶ geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum í töluðu og rituðu máli,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar út frá fræðilegum forsendum,
- ▶ geta beitt þeim aðferðum og hugtökum sem lagt er upp með á námskeiðinu við greiningu sviðsverka,

- ▶ hafa hæfni í akademískum vinnubrögðum, ritgerðarsmíð, heimildaleit og úrvinnslu,
- ▶ geta tjáð sig skriflega og munnlega um efnið með gagnrýnum hætti,
- ▶ geta leitað sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsinga-tækni.

Námsmat: Ritgerð, fyrirlestur og verkefni.

Umsjónarkennari: Alexander Roberts

## **FYRSTA ÁR**

### **VORMISSERI – VAL**

#### **Sjá sameiginleg valnámskeið**

### **ANNAD ÁR EKKI KENNT 2015–2016**

## **ÞRIÐJA ÁR**

### **HAUSTMISSERI – SKYLDA**

---

#### ***AFL007S Aðferðafræði: Leikstjórn II***

7 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu, sem er sjálfstætt framhald námskeiðsins Vinnuaðferðir leikstjórans sem kennt er á öðru ári, verður haldið áfram að skoða undirbúningsvinnu leikstjóra fyrir sviðsetningu. Unnið er með greiningu texta og hugmyndavinnu þar sem sérstök áhersla er lögð á vinnu með leikurum. Áhersla er lögð á sjálfstæða vinnu nemenda sem leikstjóra við sviðsetningu á senu.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á þeim kenningum, hugtökum og vinnuaðferðum leikstjóra sem unnið er með á námskeiðinu, geta lagt sjálfstætt mat á þær og beitt þeim í listsköpun,
- ▶ geta sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í heildstæðri sviðsetningu,
- ▶ geta leitt listrænt starf sem endar með sviðsetningu,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli,
- ▶ hafa færni til að miðla listrænum hugmyndum sínum til samstarfsaðila og í sviðsetningu,



- ▶ hafa skilning á hlutverki leikstjórans innan sviðslista og getu til að takast það á hendur,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Verkefni, símat og greinargerð

Umsjónarkennari: Marta Nordal

Kennari: Marta Nordal

---

### **AFSK007S Aðferðafræði: Skrif**

7 ECTS

#### **Lýsing**

Námskeiðið er vinnustofa í skapandi skrifum fyrir sviðið þar sem nemendur vinna að einu sjálfstæðu verki. Nemendur vinna með eigin texta og þróa hann áfram undir handleiðslu kennara.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á mismunandi aðferðum við vinnslu á texta fyrir lifandi flutning,
- ▶ hafa innsýn í tengsl texta og sviðsetningar,
- ▶ hafa þekkingu á grunnþáttum byggingar leiktexta og uppbrotum þeirra hefða sem þar gilda,
- ▶ geta sem höfundar verks sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í rituðu verki,
- ▶ hafa sýnt færni í sjálfstæðum vinnubrögðum,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og annarra,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Sviðstexti, símat, greinargerð.

Umsjónarkennari: Bjarni Jónsson

Kennari: Bjarni Jónsson

---

## **ASF002S – Áhorfandinn sem framleiðandi**

2 ECTS

### **Lýsing**

Þetta námskeið mun taka eftirfarandi spurningu sem upphafspunkt: Hvernig er áhorfandinn framleiðandi? Nemendurnir munu í hópum velja af leslista fræðitexta og vinna fyrirlestur út frá hugmyndinni um hlutverk áhorfandans (Spectatorship). Þeir munu nota verk sem dæmi í fyrirlesturum sínum sem og nota fræði til að dýpka greiningu sína á verkunum. Tímarnir verða notaðir til að aðstoða nemendurna í því að þróa viðhorf og skoðanir í tengslum við þá sýningu sem varð fyrir valinu. Tilgangur námskeiðisins er í fyrsta lagi að kynna nemendur fyrir lykiltextum innan hugmynda á hlutverki áhorfandans – og í öðru lagi skapa aðstæður fyrir nemandann til að þróa hæfni sína í því að lesa fræði, ræða um það efni sem tekið er fyrir, sem og nýta hana í skrifum.

### **Hæfniviðmið:**

Í lok námskeiðisins eiga nemendur að:

- ▶ hafa þróað hæfni sína í að horfa á, skrifa og ræða um samtíma sviðslistir,
- ▶ hafa þróað hæfni sína í að nota fræði sem tæki til að lesa, skrifa og ræða um samtíma-sviðslistir,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á því hvernig fræði getur hjálpað sem tól við að ræða á gagnrýninn hátt um sviðslistir, sem og þekkja takmörk þess,
- ▶ hafa öðlast víðari þekkingu á samtímasviðslistum.

Námsmat: Umræður í tímum, hópforlestur og lokaritgerð

---

## **ESL0207 Einstaklingsverkefni II**

7 ECTS

Forkröfur: Að hafa lokið a.m.k. 90 ECTS af sviðshöfundabraut

### **Lýsing**

Nemandinn vinnur að einstaklingsverkefni undir handleiðslu leiðbeinanda og tekur viðfangsefnið mið af áhugasviði og áherslum nemandans innan sviðslista. Lögð er áhersla á frumsköpun og frumkvæði nemandans, einstaklingsbundna sýn hans og samfélagslegar og menningarlegar skírskotanir verkefnisins. Í námskeiðinu kynnast nemendur grunnþáttum verkefnastjórnunar. Námskeiðinu lýkur með lifandi flutningi á verkefnum nemenda frammi fyrir áhorfendum.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta sem listamenn sett fram sjálfstæða, listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í heildstæðu verki,

- ▶ hafa öðlast meðvitund um eigin listræna sýn og sýnt færni til að miðla henni,
- ▶ geta samhæft tækni, tjáningu og sköpun í lifandi listflutningi eða skrifuðu verki,
- ▶ hafa sýnt færni til að leiða listræna vinnu og hafa öðlast grundvallarskilning á helstu þáttum góðrar verkstjórnar,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsgaga og fagmennsku í vinnubrögðum, afstöðu og verkstjórn,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um listsköpun sína og vinnuferli,
- ▶ hafa sýnt færni til að miðla á áhrifaríkan hátt listrænum hugmyndum sínum í sviðsetningu,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Verkefni, vinnuferli og greinargerð

Umsjónarkennari: Ragnheiður Skúladóttir

Kennarar: Ragnheiður Skúladóttir og Tyrfingur Tyrfingsson

---

### **Skiptinám/Starfsþjálfun**

Allt að 30 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Að hafa lokið að minnsta kosti 90 ects af sviðshöfundabraut

### **Lýsing**

Nemendur velja sér skóla eða listamann til að fara í starfs- eða skiptinám hjá.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að (á við um starfsnám):

- ▶ hafa frekari færni og innsýn í fjölbreyttar vinnuaðferðir listamannsins,
- ▶ hafa aukinn skilning á starfsumhverfi listamannsins í gegnum reynslu á vettvangi,
- ▶ geta sett sér markmið, gert verkáætlanir og fylgt þeim eftir,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í samstarfi,
- ▶ hafa tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun sem nýtist í námi.

Námsmat: Nemendur í skiptinámi þurfa að standast þær kröfur sem móttökuskóli setur þeim.

Nemendur í starfsnámi eru metnir á umsögnum viðtöku aðila og á greinargerð sem skilað er í lok starfsnámsins. Greinargerðin á að vera 6-8 blaðsíður og taka á helstu hlutverkum, lærdómi og vinnu nemandans á tímabilinu. Nemendur skila greinargerðinni til fagstjóra.

Umsjónarkennari: Una Þorleifsdóttir

---

## **SLR0004S Sviðslistafræðin, rannsóknin og listsköpunin**

4 ECTS

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Engar

### **Lýsing**

Í þessu námskeiði munum við spyrja:

Hvað er það sem við gerum – þegar við notum fræði? Þetta námskeið heldur því fram að þegar skrifað er um sviðslistir með notkun á fræðum þá eigi tveir hlutir sér stað. Fræðimaðurinn er að víkka út orðræðu í kringum sviðslistaformið sem um er rætt og á sama tíma víkka út hugtökin sem fræðin nýta sér og skoðar hvernig er hægt að nýta þau og endurhugsa. Á þessu námskeiði munu nemendur horfa á samtímasviðslistaverk, skrifa um þau, greina þau með notkun á fræðum og gera tilraunir með mismunandi umræðuform í tímum. Námskeiðið mun klára með röð fyrirlestra sem verða þróaðir af nemendunum í hópum sem og hver nemandi mun einnig skila lokaritgerð.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðisins eiga nemendur að

- ▶ hafa þróað hæfni í að skrifa og ræða um samtíma sviðslistir,
- ▶ hafa þróað hæfni í að nota fræði sem tæki til að lesa og skrifa um samtímasviðslistir,
- ▶ hafa öðlast víðari þekkingu á samtímasviðslistum,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á því hvernig fræði getur hjálpað sem tól við að ræða á gagnrýninn hátt um sviðslistir, sem og þekkja takmörk þess.

Námsmat: 33% þátttaka í tímum, 33% fyrirlestrar, 33% ritgerð.

Umsjónarkennari: Alexander Roberts

## **ÞRIÐJA ÁR**

### **HAUSTMISSERI – VAL**

---

## **RDFLÓKOOS Rdf/Lókal**

2 ECTS

### **Lýsing**

Nemendur taka þátt í framkvæmd sviðslistahátíðanna RDF og LOKAL, undirbúningi þeirra framkvæmd og frágangi. Verkefni eru af ólíkum toga en nemendurnir vinna náið með listamönnum hátíðarinnar, skipuleggjendum og öðrum aðstandendum að uppsetningum, kynningum, tæknimálum, móttöku og að öðrum tilfallandi verkefnum sem falla til við framkvæmd hátíðanna.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa innsýn í ólíka verkþætti sviðslistahátíða og umfang slíkrar starfsemi,
- ▶ hafa aukinn skilning á starfsumhverfi sviðlista í gegnum reynslu á vettvangi,
- ▶ geta framfylgt verkáætlunum á ábyrgan hátt og geta beitt hugviti við úrlausnir verkefna,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í samstarfi,

Námsmat: Símat og greinagerð

Umsjónarkennari: Ragnheiður Skúladóttir

Kennari: Ragnheiður Skúladóttir

---

## ***IBSEN00002 Ibsen – Goðsagnaminni og helgisiðir***

### ***í leikritum Henriks Ibsen***

2 ECTS

## Lýsing

Nemendum verður veitt almenn innsýn í feril leikskáldsins Henriks Ibsens. Síðan verður unnið á virkan hátt með goðsagnaminni og ritúöl sem greina má í tveimur leikritum hans, Heddu Gabler og Sólnes byggingameistara. Valdir kaflar þessara verka verða skoðaðir með verklegum æfingum og unnið með þær goðsögur og helgisiði sem Ibsen vísar til með beinum og óbeinum hætti í leiksviðslýsingum og þeim texta sem hann leggur persónum sínum í munn. Á grunni þessarar vinnu gera nemendur drög að handriti að sýningu sem byggir á brotum úr þeim verkum sem unnið er með.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa almenna þekkingu á leikritunarferli Ibsens,
- ▶ hafa sértæka þekkingu á notkun Ibsens á goðsagna- og helgistaðaminnnum í verkum sínum,
- ▶ hafa fengið æfingu í að vinna með margbrotinn menningararf í undirbúningi sviðsetninga og túlkun leikpersóna.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Trausti Ólafsson

Kennari: Trausti Ólafsson

## **ÞRIÐJA ÁR**

### **VORMISSERI – SKYLDA**

---

#### **LOG013L Lokaritgerð**

6 ECTS

Forkröfur: Að hafa lokið 5 misserum á sviðshöfundabraut

#### **Lýsing**

Lokaritgerð til bakkalárprófs við Listaháskóla Íslands er ætlað að styrkja fræðilegan grunn nemenda og auka færni þeirra í að greina og fjalla um viðfangsefni í sviðslistum í fræðilegu samhengi. Í ritgerðinni á að endurspeglast kunnátta nemenda í að beita kenningum og fræðilegum hugtökum, auk þess að fjalla um leiklist á gagnrýninn hátt, ýmist út frá fagurfræðilegum, samfélagslegum, listasögulegum, menningarlegum eða siðferðislegum forsendum. Nemandi velur sér viðfangsefni í samráði við umsjónarkennara og vinnur að ritgerðinni undir handleiðslu leiðbeinanda.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta fjallað um sviðslistir á skipulagðan, gagnrýninn og ábyrgan hátt,
- ▶ geta beitt fræðilegum hugtökum og kenningum í tengslum við greiningu á aðferðum, fagurfræði og sögulegu og samfélagslegu samhengi viðfangsefnisins,
- ▶ unna til verka hvað varðar heimildaleit, heimildanotkun og vandaða framsetningu fræðiskrifa í ritgerðarformi,
- ▶ hafa tileinkað sér hæfni til að vinna með fræðimönnum að greiningu á viðfangsefninu,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð til að geta stundað framhaldsnám í sviðslistum.

Námsmat: Ritgerð

Umsjónarkennari: Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir og Alexander Roberts

Kennarar: N.N.

## **LOKS018S Lokaverkefni**

18 ECTS

Forkröfur: Að hafa lokið 145 einingum á sviðshöfundabraut

### **Lýsing**

Nemendur velja sér viðfangsefni og vinna út frá því verklegt lokaverk til BA-prófs. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, persónulegar úrlausnir og menningarlegt og samfélagslegt samhengi. Nemendur vinna að framsetningu hugmynda sinna, þróun þeirra og framkvæmd undir handleiðslu leiðbeinenda. Ferlið endar með opinberri sýningu (lifandi flutningi) frammi fyrir áhorfendum. Lokaverk geta verið allt frá lifandi innsetningum til sviðssetninga, leiktexta og leikstjórnar, allt eftir áhugasviði nemenda.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa grundvallar færni í að stunda sjálfstæðar listrænar rannsóknir,
- ▶ hafa einstaklingsbundna sýn og nálgun á listformið og hafa sýnt hæfni til sjálfstæðrar listrænnar sköpunar,
- ▶ geta sem listamenn unnið sjálfstætt að og sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í fullgerðu heildstæðu verki,
- ▶ hafa meðvitund um eigin listræna sýn og hafa sýnt færni til að miðla henni,
- ▶ geta samhæft tækni, tjáningu og sköpun í lifandi listflutningi eða skrifuðu verki,
- ▶ hafa sýnt færni til að leiða listræna vinnu og öðlast grundvallarskilning á helstu þáttum góðrar verkstjórnar,
- ▶ hafa öðlast sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum, afstöðu og verkstjórn,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um listsköpun sína og vinnuferli,
- ▶ hafa sýnt færni til að miðla á áhrifaríkan hátt listrænum hugmyndum sínum í sviðsetningu,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Lokaverkefni og greinargerð

Umsjónarkennari: Una Þorleifsdóttir

Kennari: N.N.

---

**MDST0001S Málstofa: Skapandi samstarf danshöfunda,  
sviðshöfunda og tónskálda**

**Lýsing**

Í námskeiðinu koma nemendur úr tónsmíðanámi, af sviðshöfunda- og samtímadansbraut saman og kynna ólíkum samstarfsaðferðum í skapandi vinnu. Teymi sviðslistafólks og tónskálda koma í heimsókn og segja frá samstarfi sínu.

**Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á eðli skapandi samstarfs milli tónskálda og sviðshöfunda,
- ▶ hafa faglega meðvitund og skilning á ólíkum samstarfsaðferðum innan sviðslista,
- ▶ hafa tileinkað sér gagnrýna sýn á eigin verk og annarra og geta tekið þátt í gagnrýnum og faglegum umræðum um skapandi ferli.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Una Þorleifsdóttir

Kennari: Gestir

**ÞRIÐJA ÁR**

**VORMISSERI – VAL**

**Sjá sameiginleg valnámskeið**



## MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR 2015–2016

### HAUSTÖNN 2015

24. ágúst	Skólasetning – kennslutímabil á haustönn hefst
14. ágúst	Gjalddagi fyrri hluta skólagjalda
24. september	Haustútskrift
2.–6. nóvember	Verkefnavika
13. nóvember	Opinn dagur
11. desember	Síðasti kennsludagur á haustönn
14.–18. desember	Verkefna- og prófavika
21. desember	Jólafrí hefst

### VORÖNN 2016

04. janúar	Skrifstofa opnar eftir jólaleyfi
11. janúar	Kennslutímabil á vorönn hefst
29. janúar	Vetrarútskrift
15. febrúar	Gjalddagi seinni hluta skólagjalda
28. febrúar	Háskóladagurinn – Opinn dagur
15.–19. febrúar	Verkefnavika
26. febrúar	Hugarflug
21. mars – 30. mars	Páskafrí
12. maí	Síðasti kennsludagur vorannar
15.–20. maí	Verkefna- og prófavika
17. júní	Útskrift skólans